



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. maí 2007 – 132. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MIÐVIKUDAGUR

Tyrkjaránsins minnst



Stórpólitískt mál á sinni tíð segir Þorsteinn Helgason sagnfræðingur.

TÍMAMÓT 24

Höfundarréttur brotinn



Ljósmyndarinn Rebekka Guðleifsdóttir leitar réttar síns vegna stolinna mynda.

FÓLK 30

Hlustar Vilhjálmur á borgarbúa?

„Skyldi íbúalýðræðið vega þyngra í Breiðholti en í miðbæ Reykjavíkur?“ segir Jóhannes Ingimundarson.

Í DAG 20


Matthías bar af



Fréttablaðið valdi Matthías Guðmundsson, leikmann Íslandsmeistara FH, leikmann 1. umferðar Landsbankadeildar karla.

ÍÞRÓTTIR 34

VEÐRIÐ Í DAG




KÖFLÓTT - Í dag verða austan og norðaustan 3-8 m/s en hvarra allra syðst. Lítilsháttar væta með suður- og suðausturströndinni, annars þurrt og nokkuð bjart. Hiti 3-12 stig, hlýjast til landsins syðra.

VEÐUR 4

LESTUR MEDAL 12-49 ÁRA

allt landið

Miðvikudagur



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í mars 2007.

35% vilja stjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks

Flestir vilja ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks í nýrri könnun Fréttablaðsins. Stuðningur við slíka stjórn eykst úr 14,5 prósentum í 34,7 prósent. Stuðningur við áframhaldandi ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks dalar aðeins frá því fyrir kosningar, var 36,7 prósent en er nú 32,4 prósent.

SKOÐANAKÖNNUN Tæp 35 prósent vilja að Sjálfstæðisflokkur og Samfylking myndi ríkisstjórn. Frá því að Fréttablaðið hóf að spyrja þessarar spurningar í ágúst á síðasta ári, hefur ekki verið meiri stuðningur við ríkisstjórn þessara tveggja flokka. Mestur varð stuðningurinn við slíka stjórn viku fyrir kosningar, 14,5 prósent. Þetta er einnig í fyrsta sinn frá því í ágúst sem fleiri vilja aðra stjórn en áframhaldandi ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks.

Stuðningur við áframhaldandi ríkisstjórnarsamstarf hefur aðeins dalað síðan 5. maí, úr 36,7 prósentum í 32,4 prósent.

Tæp 19 prósent vilja að Framsóknarflokkur, Samfylking og Vinstri græn myndi ríkisstjórn, en


fyrir kosningar var stuðningur við slíka þriggja flokka stjórn óverulegur. 14,3 prósent segjast vilja ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna, sem er sama hlutfall og mældist 5. maí.

Nokkur munur er eftir búsetu á því hvaða ríkisstjórn fólk vill. Þannig er meiri stuðningur við stjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks á höfuðborgarsvæðinu, 40,1 prósent, en á landsbyggðinni, 26,6 prósent.

Flestir á landsbyggðinni vilja hins vegar áframhaldandi ríkisstjórnarsamstarf, eða 36,3 prósent, en stuðningur við slíka stjórn á höfuðborgarsvæðinu er 29,8 prósent.

Ef svörin eru greind eftir því hvaða flokk svarendur sögðust hafa kosid á laugardag, vilja 80,3 prósent

HVAÐA STJÓRN MÁLA-FLOKKAR VILT ÞÚ AÐ MYNDI RÍKISSTJÓRN?



Skv. skoðanakönnun Fréttablaðsins 15. maí

framsóknarfólks áframhaldandi ríkisstjórn. Rúmlega helmingur

sjálfstæðismanna vill halda ríkisstjórninni en þriðjungur vill stjórn með Samfylkingu.

Tæplega 70 prósent samfylkingarfólks vilja að flokkurinn fari í stjórn með Sjálfstæðisflokki, en tæp 30 prósent vilja ríkisstjórn Samfylkingar, Framsóknarflokks og Vinstri grænna. Rúmlega helmingur kjósenda Vinstri grænna vill hins vegar stjórn með Samfylkingu og Framsóknarflokki, en rúmlega þriðjungur vill stjórn með Sjálfstæðisflokki. Hringt var í 800 manns á kosningaaldri þriðjudaginn 15. maí og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: Hvaða stjórn mála flokkar vilt þú að myndi ríkisstjórn? 74,5 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar. - 55



VOR Í HVALFJARÐARSVEIT Silamávarnir undu glaðir við sitt þegar bóndi í Hvalfjarðarsveit plægði akur sinn og velti upp gnægð ánamaðka sem komnir voru inn í land að njóta veisluvanganna í vorsólinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ung kona kærð fyrir að svíkja lyf út úr apótekum í borginni:

Sveik út lyf á ranga kennitölu

LÖGREGLUMÁL Upp hefur komist um unga konu sem hefur stundað árum saman að svíkja út ávanabindandi lyf, parkódín og SEM-mixtúru sem hvort tveggja inniheldur kódeín, á stolna kennitölu. Lögreglan handtók konuna í Árbæjarapóteki á föstudag, þegar hún var að sækja skammt af verkjalyfinu parkódín.

Bannað er að hringja inn í apótek ávisun á kódeínlyf, svefnlyf og róandi lyf, til að draga úr hættunni á að fólk misnoti þau. Lyfseðlana má hins vegar senda í símbréfi, sem var gert í þessum tilvikum.

Gunnar Ingi Gunnarsson, yfirlæknir heilsugæslunnar í Árbæ,

sagði að mistök í skráningu hefðu orðið þess valdandi að konan komst upp með að fá kódeínlyfjum ávísað af og til frá árinu 2004 þar til í síðustu viku. Í eitt skiptið hafi samskipti læknis og hennar verið skráð ranglega sem stofukoma. Læknar hafi kannað fyrri skráningar og séð að viðkomandi hafi komið á stofu.

„Grunur um misferli vaknar svo hjá ritara stöðvarinnar þegar konan hringir í síma þar sem lyfjaendurnýjanir fara fram,“ útskýrir Gunnar Ingi.

„Ritarar taka þá við beiðni sjúklinga og skrifa niður endurnýjunarbeiðni þeirra sem eru í

reglubundinni lyfjameðferð. Ritarninn sem fékk þessa upphringingu fór að kanna hvort viðkomandi hefði fengið þessi lyf áður, sá að hún var ekki skráð, gerði athugasemd og hringdi í hana. Þá kom í ljós að konan sem á kennitöluna hafði aldrei hringt. Við brugðumst við og skipulögðum það þannig að sú sem að svindlinu stóð var handtekin þegar hún kom að sækja lyfin í apótekið.“

Gunnar Ingi segir þetta vera í annað sinn sem uppgötvist í Heilsugæslunni í Árbæ að með kerfisbundnum hætti hafi verið notuð stolin kennitala til þess að endurnýja lyf. - jss

Ævintýrlegur vöxtur Actavis: Markaðsvirðið sjötíuogfimmfalt

VIÐSKIPTI Markaðsvirði Actavis hefur sjötíuogfimmfaldast á átta árum. Þegar Balkanpharma var keypt árið 1999 var markaðsvirði félagsins um 3,8 milljarðar króna. Eftir yfirtökutilboð Novators, fjárfestingarfélags Björgólfs Thors Björgólfssonar, í síðustu viku rauh virði félagsins yfir 290 milljarða íslenskra króna. Frá árinu 1999 hefur Actavis ráðist í yfirtökur fyrir sem nemur um 164 milljörðum króna.

Hluthafar geta verið ánægðir með ávöxtun bréfa sinna fram að þessu, þótt framhald verði ekki þar á nái Novator takmarki sínu. Bréf þeirra hafa að jafnaði hækkað um fimmtíu prósent árlega frá 1999. - hhs / sjá Markaðinn

SHIMANO hjól

Allivio



Þú færð Shimano í næstu sportvöruverslun

SPURNING DAGSINS



Katrín, væri ekki nær að kalla ykkur Vinstri grín?

„Grínið er aldrei langt undan hjá Vinstri grænum.“

Glatt var á hjalla á þingflokksfundum Vinstri grænna á dögunum. Jón Bjarnason reytti af sér brandarana með þeim afleiðingum að Katrín Jakobsdóttir varaformaður var ekki munnnum sinnandi sökum hláturskasts.

Sprengjuárásir í Írak:

Allar myndatökur bannaðar

ÍRAK, AP Stjórnvöld í Írak hafa nú bannað allar myndatökur á vettvangi sprengjuárása. Í samræmi við það var bæði fréttaljósmyndurum og kvikmyndatökumönnum vísað burt af vettvangi sprengjuárásar í Bagdad í gær.

Stjórnvöld segja tilgang bannsins þrjúþættan. Með því á að koma í veg fyrir að fréttamenn og ljósmyndarar spilli fyrir vettvangsrannsóknunum, tryggja á að mannréttindi særðra séu virt og torvelda herskáum hópum og uppreisnarmönnum að stæra sig af árangrinum.



VANFÓÐRUN Þessi móskjóttá hryssa, ásamt brúnni, var send í sláturhús.

Dýraverndarmál á Suðurlandi:

Engin krafa um förgun hrossa

DÝRAHALD „Það hefur ekki verið sett fram nein krafa að hálfu dýralæknisyfirvalda um förgun,“ segir Katrín Andrésdóttir, héraðsdýralæknir á Suðurlandi, vegna vanfóðraðra hrossa sem fjallað hefur verið um í fjölmiðlum að undanförunum.

Flest hrossanna sem um ræðir hafa verið flutt af staðnum á aðra jörð sem eigendur þeirra hafa til umráða. Að sögn Katrínar vildi fólk sjálft fá að leysa málið og fékk til sín ráðunaut til þess að meta hrossin. Að því búnu var gripið til ráðstafana, meðal annars með því að senda tvær hryssur í sláturhús.

Katrín segir málið enn í vinnslu.

Framtíð ríkisstjórnarinnar enn óráðin eftir ríkisstjórnarfund segir forsætisráðherra:

Líkur á sama samstarfi áfram

STJÓRNMÁL Fátt skýrðist í gær um það hvort Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur myndu starfa áfram saman í ríkisstjórn.

„Við erum á sama stað og við vorum í gær, við höldum hér ríkisstjórnarfund og síðan hafa menn verið að spjalla saman, eins og gengur. Það er ekkert nýtt komið upp í málinu, það er í nákvæmlega sömu stöðu og það var í gær,“ sagði Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, að loknum ríkisstjórnarfundum í gær.

Hann sagði ágæt líkur á því að ríkisstjórnin starfaði áfram, það myndi skýrast á næstu dögum. „Það eru ágæt líkur á því, en það er ekki öruggt,“ sagði Geir.



Í KASTLJÓSINU „Við erum á sama stað og við vorum í gær,“ sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra eftir ríkisstjórnarfundum í gærmorgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Spurður hvort Sjálfstæðisflokkurinn væri að ræða við aðra flokka um hugsanlegt ríkisstjórnarsamstarf sagði Geir: „Nei, það er ekki hægt að segja að það sé neitt slíkt í gangi. En auðvitað tala þingmenn saman milli flokka, og það eru ýmsar vangaveltur í gangi.“

Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði að ríkisstjórnarfundinum loknum eiga von á því að það kæmi í ljós á næstu dögum, jafnvel í dag, hvort ríkisstjórnin starfaði áfram. Ekki hefði þó verið tekin nein ákvörðun innan Framsóknarflokksins um það hvort flokkurinn væri tilbúinn til áframhaldandi ríkisstjórnarsamstarfs.

- bj

Umferðaróhapp í Breiðholti:

Ölvaður tjónvaldur stakk af

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á fertugsaldri var handtekinn eftir þriggja bíla árekstur í Breiðholti á mánudag. Hann er grunaður um ölvunarakstur. Ökumaðurinn ók aftan á tvo kyrrstæða bíla sem biðu fyrir aftan strætisvagn sem numið hafði staðar við biðskýli.

Bílnir skemmdust töluvert og bíll tjónvaldsins sýnu mest. Hann forðaði sér burt í flýti og var í látunum nærri búinn að aka á ófríska konu.

Lögreglan fann manninn skömmu síðar á einu af öldurhúsum bæjarins. Að sögn Margeirs Sveinssonar lögregluflullraja er rannsókn málsins langt komin.

- þo

Sea Shepherd sendir flaggskipið til Íslands

Paul Watson mun stýra skipi Sea Shepherd þegar það kemur til að reyna að stöðva hvalveiðar Íslendinga eftir um mánuð. Þetta eru hryðjuverkamenn og verða væntanlega meðhöndlaðir sem slíkir segir sjávarútvegsráðherra.

SJÁVARÚTVEGUR Flaggskip náttúruverndarsamtakanna Sea Shepherd kemur til Íslands eftir um mánuð, en það lagði úr höfn í Ástralíu í fyrrinótt að íslenskum tíma. Áhöfnin segist tilbúin að leggja líf og limi í hættu til að stöðva hvalveiðar Íslendinga.

„Markmið okkar er að trufla og koma í veg fyrir ólöglegar hvalveiðar Íslendinga,“ sagði Paul Watson, forseti og stofnandi Sea Shepherd, í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann verður sjálfur skipstjóri í ferðinni en er ekki um borð sem stendur.

Hann segir áhöfn skipsins Farley Mowat, sem er flaggskip samtakanna, tilbúna að leggja líf og limi í hættu til að stöðva dráp á hvolum. „Við gefum ekki upp hvaða aðferðum við hyggjumst beita en ætlum okkur að vekja athygli umheimsins á hvalveiðun-



AÐGERÐIN RAGNARÖK 2007 Skip náttúruverndarsamtakanna Sea Shepherd er væntanlegt hingað til lands eftir mánuð. Markmiðið er að trufla hvalveiðar. NORDIC PHOTOS/AFP

viss um að við munum halda í þá hefð.“

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra sagði í gær að engar ákvarðanir hefðu verið teknar um hvernig íslensk stjórnvöld brygðust við komu Sea Shepherd. „Þetta eru náttúrulega hryðjuverkamenn, þeir hafa sýnt það áður gagnvart okkur, og ef þeir hegða sér sem slíkir reikna ég með að það verði tekið á þeim þannig.“

Sea Shepherd-samtökin kalla fyrirhugaðar aðgerðir hér við land „Operation ragnarok 2007“, eða „Aðgerðin ragnarök 2007“.

Meðlimir Sea Shepherd sökktu tveimur hvalbátum í Reykjavíkurborg árið 1986 og komust af landi brott eftir verknaðinn. Watson var

handtekinn þegar hann kom til Íslands árið 1988. Honum var vísað úr landi án þess að ákæra væri gefin út á hendur honum en tekið var fram að hann mætti aldrei koma aftur til landsins.

„Ég var ekki ákærður og hef enga ástæðu til að ætla að mér verði meinað að koma til Íslands. Við sökktum þessum skipum árið 1986, en þegar ég kom til landsins 1988 var ég aldrei ákærður,“ segir Watson.

Áhöfn Farley Mowat er skipuð sjálfboðaliðum, en skipið hefur legið við bryggju síðan aðgerðum samtakanna gegn japanska hvalveiðiflotanum við Suðurskautslandið lauk í byrjun apríl síðastliðnum.

brjann@frettabladid.is



PAUL WATSON „Markmið okkar er að trufla og koma í veg fyrir ólöglegar hvalveiðar Íslendinga.“ MYND/SEA SHEPHERD

um. Áhöfnin um borð í skipinu er frá tólf þjóðlöndum og allir eru ákveðnir í að koma í veg fyrir dráp á hvolum,“ segir Watson.

Spurður um líf og limi hvalveiðimanna og varðskipsmanna sagði Watson: „Á þeim þrjátíu árum sem við höfum starfað höfum við aldrei orðið þess valdandi að nokkur maður hafi slasast, og ég er nokkuð

Innbyrðis átök Palestínuríkis versna enn á Gaza:

Átta falla í fyrirsát Hamas

GAZA, AP Vígamenn úr röðum Hamas-samtakanna sátu í gær fyrir vopnuðum liðsmönnum Fatah-hreyfingarinnar nærri mikilvægri landamærastöð frá Gaza-svæðinu inn í Ísrael. Átta manns lágu í valnum eftir skotbardagann, en það er mesta mannfali sem orðið hefur frá því vopnuð átök milli stríðandi fylkinga Palestínuríkis brutust aftur út um helgina. Ísraelskir hermenn hleyptu líka af skotum vegna skotbardagans, en þar með skapaðist hættu á að Ísraelar drægjust inn í átökin.

Minnst tuttugu manns hafa fallið í innbyrðis átökum vikunnar, sem hafa lamað meira og minna allt á Gaza og ýtt samstjórn Hamas og Fatah að barmi sundrunar. Samstjórnin var mynduð í mars með það fyrir augum að binda enda á innbyrðis átök fylkinganna.

Á sama tíma og þessu fór fram var Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, staddur í opinberri heimsókn í grannríkinu Jórdaníu. Þar skoraði Abdullah II Jórdaníukonungur á gestinn að setja tímaáætlun fyrir friðarviðræður við Palestínuríkinn, sem grundvallast myndu á friðartillögum arababarákja sem ganga út á að þau viðurkenni Ísrael að fullu gegn því að það skili hernumdu landi og sjálfstætt Palestínuríki verði stofnað.



VOPNIN TALA Fatah-liði mundar vopn sitt á götum Gazaborgar í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

BÍLL DAGSINS

FORD RANGER XLT 33"

Nýskr. 02.05 - Beinskiptur - Ekinn 58 þús. km. - Allt að 100% lán.



Verð
2.480.000.-

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

ISLENSKA SÍMIS LBI 37623 05/07 Úr Concerto Grosso e Helga Tómasson. Lífmynd ©Eirik Tomasson

10.-26. maí
Listahátíð
í Reykjavík 2007
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL



SAN FRANCISCO BALLETTINN

VIÐ KYNNUM SAN FRANCISCO BALLETTINN Á LISTAHÁTÍÐ

 Landsbankinn

GAJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	63,34 63,64
Sterlingspund	125,14 125,74
Evra	85,68 86,16
Dönsk króna	11,515 11,583
Norsk króna	10,469 10,531
Sænsk króna	9,301 9,355
Japanskt jen	0,5258 0,5288

SDR	96,09	96,67
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
116,1477		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Reyndu að smygla tæplega fjórum kílóum af kókaíni í bifreið:

Kókaínsmyglarar áfram í haldi

DÓMSMÁL Tveir karlmenn, sem ákærðir hafa verið fyrir að standa að stórfelldu smygli á kókaíni hingað til lands, voru í gær dæmdir til að sæta áfram gæsluvarðhaldi til 11. júní.

Annar manna, sem er um fertugt, gerði tilraun til að smygla inn mesta magni af kókaíni sem reynt hefur verið að smygla til landsins á einu bretti. Um var að ræða tæp fjögur kíló af kókaíni og lítillæði af amfetamíni falið í Mercedes Benz Sprinter bíl sem fluttur var inn frá Cuxhaven í Þýskalandi með flutningaskipinu Helgafelli.

Tollgæslan í Reykjavík fann efnið 11. nóvember, vandlega falin

í bílnum. Lögregla fjarlægði þau og setti gerviefni í staðinn.

Bíllinn var ekki sóttur fyrr en 7. febrúar og maðurinn handtekinn skömmu síðar og úrskurðaður í gæsluvarðhald.

Hann var skráður sem viðtakandi bílsins. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur maðurinn áður setið í fangelsi erlendis fyrir fíkniefnabrot.

Hinn maðurinn sem gæsluvarðhald var framlengt yfir í gær aðstoðaði félagan sinn við að fjarlægja fíkniefnið, sem þeir töldu vera, úr bifreiðinni. Síðan tók hann þau í sína vörslu í því skyni að afhenda þau til söludreifingar. -jss



STÓRSMYGL Menntirnir reyndu að koma tæpum fjórum kílóum af kókaíni í umferð hér.

Embætti ríkissaksóknara:

Bíða þess að Björn svari

STJÓRNÝSLA Þeir fjórir umsækjendur um embætti ríkissaksóknara, sem eftir eru, vænta nú samtals frá Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra.

Heimildir Fréttablaðsins herma að dómsmálaráðherra muni hringja persónulega í umsækjendurna Brynjar Nielsson, Egil Stephensen, Jón H.B. Snorrason og Sigríði Friðjónsdóttur og tilkynna hverju fyrir sig hver muni hreppa hrosedó.

Áður hafði Jóhannes Rúnar Jóhannesson dregið umsókn sína til baka þar sem hann taldi að embættinu væri þegar ráðstafað.

- óhp



ÚTI Í EYJUM Forseti Íslands ferðaðist um Eyjar með Helga Tómassyni og Marlene konu hans.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓPÞ

Forseti Íslands í Eyjum:

Var leystur út með diskum

VESTMANNAEYJAR Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, heimsótti Vestmannaeyjar í gær. Með honum í för voru Helgi Tómasson, stjórnandi San Francisco-ballettsins, og eiginkona hans, Marlene.

Hópurinn kom víða við í heimsókn sinni en dagskráin endaði með því að forsetinn opnaði nýja sýningu þar sem þess er minnst að 380 ár eru liðin frá Tyrkjaráninu 1627.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, leysti forsetann og Helga út með góðum gjöfum, fengu þeir geisladiska með lögum Oddgeirs Kristjánssonar. -shá

MOSFELLSBÆR

Enn mótmælt í Álafossvos

Íbúar Álafossvosarinnar í Mosfellsbæ héldu áfram að mótmæla framkvæmdum þar í gær og kölluðu á lögreglu. Verktakar á vegum bæjarins vinna við að leggja skolplögn í gegnum Kvosina. Íbúarnir segja það yfirvarp og telja að um vegagerð sé að ræða.

LEIÐRÉTTING

Í baksíðu blaðsins í gær stóð Viðeyjarstjórn þar sem standa átti Viðreisnarstjórn. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

Fórnarlömb líklegri til að verða gerendur

Nálægt fimm prósent unglunga hafa beitt kynferðisofbeldi. Jón Friðrik Sigurðsson sálfræðingur segir að fræða þurfi unglunga um afleiðingar misnotkunar.

RANNSÓKN Nálægt fimm prósent unglunga í framhaldsskólum á Íslandi viðurkenna að hafa beitt einhvers konar kynferðislegu ofbeldi. Þetta kemur fram í nýrri samstarfsrannsókn Háskólans í Reykjavík og Landspítalans sem unnin var í samstarfi Barnaverndarstofu og fleiri aðila. Megintilgangur hennar var að kanna bakgrunn þeirra unglunga sem beita kynferðisofbeldi.

Þátttakendur voru rúmlega níu þúsund og af þeim fjölda játuðu rúmlega tvö hundruð drengir misnotkunina en um 130 stúlkur.

„Niðurstöðurnar eru sláandi, en þó í samræmi við þær tölur sem við höfum séð í rannsóknum annarra landa,“ segir Jón Friðrik Sigurðsson sálfræðingur, sem mikið hefur unnið með unglingum sem gerst hafa sekir um kynferðislegt ofbeldi og er einn þeirra sem stóðu að rannsókninni. Hann segir nauðsynlegt að bregðast við þessum upplýsingum með einhverju móti hið fyrsta. Í ljós kom að drengir sem sögðust hafa misnotað aðra kynferðislega voru rúmlega tíu sinnum líklegri en aðrir til að hafa sjálfir orðið fyrir kynferðislegri misnotkun en stúlkur átta sinnum líklegri. Niðurstöðurnar gefa því sterklega til kynna að alvarleg áhrif kynferðislegrar misnotkunar geti þróast út í afbrigðilega kynhegðun hjá unglingum og gætu niðurstöðurnar nýst mjög í endurhæfingu kynferðisbrotamanna.

„Það er einnig mjög mikilvægt að fræða unglunga betur um hversu alvarlegar afleiðingar brotin geta haft á þolandur. Þetta



ÁTTA SIG EKKI Á AFLEIÐINGUNUM Jón Friðrik Sigurðsson sálfræðingur, sem mikið hefur unnið með unglingum sem hafa beitt kynferðisofbeldi, segir að fræða þurfi unglunga um afleiðingar misnotkunar. Drengir læri það í klámi að fara megi með konur hvernig sem er.

MYND/ÚR SAFNI



GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR



JÓN FRÍÐRIK SIGURÐSSON

á sérstaklega við um drengi sem læra það af klámi að með konur megi fara hvernig sem er,“ segir Jón Friðrik. Skýringar á því hve hátt hlutfall stúlkna játar að hafa misnotað aðra segir hann ekki kunnar. Mun færri rannsóknir hafi verið gerðar í tengslum við brot kvenna en Jón Friðrik segist ekki muna eftir tilfelli þar sem kona hafi verið dæmd fyrir slíkt brot hér á landi.

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, segir hátt hlutfall stúlkna sem segist hafa beitt kynferðislegu ofbeldi koma sér á óvart.

„Án þess að ég vilji draga úr alvarleika þessara niðurstaðna þá held ég að þetta kalli á þá spurningu hvort kynin skilgreini þessi atriði á sama hátt,“ segir Guðrún en tekur fram að enn hafi hún ekki séð þessa rannsókn.

karen@frettabladid.is

Lúðvík Geirsson bæjarstjóri:

Alcan má gera nýja tillögu

SVEITARSTJÓRNIR „Það liggur ljóst fyrir að bæjarstjórn mun ekki á þessu kjörtímabili hafa forgöngu um að taka til afgreiðslu nýja deiliskipulags-

tillögu vegna stækkunarforma Alcan í Straumsvík,“ segir Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, um fyrirspurn bæjarfulltrúa Vinstri grænna.

Hún vitnaði til orða Lúðvíks í Viðskiptablaðinu um að ekkert útilokaði um Alcan legði málið aftur fram. Guðrún vildi fá úr því skorið hvort Lúðvík væri að ganga á bak þeirra orða sinna að niðurstaða atkvæðagreiðslunnar um stækkunina væri bindandi.

- gar

Ríkisfjármál Noregs:

Góðæri hækkar ríkisútgjöld

NOREGUR, AP Norski fjármálaráðherrann Kristin Halvorsen greindi frá því í gær að auknar tekjur ríkissjóðs gerðu ríkisstjórninni kleift að auka ríkisútgjöld í ár en minnka um leið notkun olíuþróans í ríkisfjármálunum.

Endurskoðuð fjárlög Noregs hækka ríkisútgjöldin í 716,7 milljarða norskra króna, andvirði 7.525 milljarða íslenskra, sem er hálf prósentustígs hækkun frá því fjárlögin voru samþykkt í fyrra.

Gert er ráð fyrir sem svarar 3.549 milljarða króna afgangi af fjárlögum ársins.

- aa

KYNNTU ÞÉR NÁMSFRAMBOÐ Á HEIMASÍÐU SKÓLANS

www.hr.is

Opíð fyrir umsóknir

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2 • HÖFÐABAKKI 9 • KRINGLAN 1
SÍMI: 599 6200 • www.hr.is

VEÐURSPÁ

um hádegi »

um hádegi »

Kaupmannahöfn	12°C heiðskirt	London	14°C skúrir	Alicante	24°C heiðskirt
Billund	13°C léttskýjað	Paris	18°C hálfskýjað	Mallorca	22°C heiðskirt
Oslo	11°C rigning	Frankfurt	15°C skúrir	Eindhoven	17°C hálfskýjað
Stokkhólmur	17°C heiðskirt	Friedrichshafen	7°C skúrir	Basel	14°C rigning
Gautaborg	11°C alskýjað	Berlin	17°C skúrir	Las Palmas	22°C hálfskýjað

*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Símaskráin 2007 er komin út...



Myndverk úr hönnunarsamkeppni um forsiðu Símaskráinnar 2007 eftir Róbert Einarsson.

- Símaskránni verður dreift í verslunum Símans og Vodafone, afgreiðslustöðum Flytjanda um land allt og á bensínstöðvum út júní.
- Símaskránni fylgir stækkunargler í plastvasa.
- Símaskráin er nú í fyrsta sinn með norræna umhverfismærkinu Svaninum. Þeir einir fá að nota merkið sem uppfylla strangar kröfur um gæði og takmörkun umhverfisáhrifa.



241

PRENTVERK

004



– er svarið

KJÖRKASSINN

Ætlar þú að heimsækja Kárahnjúkavirkjun í sumar?

JÁ	18,1%
NEI	81,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Sækir þú viðburði Listahátíðar?
Segðu skoðun þína á visir.is

Ný könnun Fjölmíðlavaktarinnar á fréttáflutningi netmiðla:

Flestar fréttir birtast á Vísi.is

FJÖLMÍÐLAR Um 34 prósentum fleiri innlendar fréttir birtast á fréttasíðunni Vísi.is en hjá helsta samkeppnisaðilanum, Mbl.is. Á Vísi birtust 1.710 innlendar fréttir á tímabilinu 15. mars til 15. apríl en á sama tíma birtust 1.274 innlendar á Mbl.is.

Samkvæmt könnun Fjölmíðlavaktarinnar birtast einnig fimmtán prósentum fleiri erlendar fréttir á Vísi, eða 1.051 á móti 912 á Mbl.is.

Alls birtist 2.761 frétt á Vísi á tímabilinu, eða 86,3 fréttir á dag. Þær voru 68,3 á dag á Mbl.is.

„Okkur hefur lengi grunað að Vísi.is væri ekki bara íðulega

fyrstur með fréttirnar, heldur væri hann líka að birta fleiri fréttir en samkeppnisaðilarnir,“ segir Þórir Guðmundsson, ritstjóri Vísis.

„Vísir.is hefur verið að styrkja fréttáþjónustu sína verulega undanfarna mánuði og við vefinn starfa nú á annan tug fréttamanna,“ segir Þórir og bætir við að á vefnum megi til dæmis sjá beinar útsendingar af mörgum fréttavíðburðum, innanlands sem utan.

Þess skal getið að Fréttablaðið er í samstarfi við Vísi.is og birtast þar einnig fréttir úr blaðinu.

- kóp



VISIR.IS Hefur lengi staðið í skugganum af Mbl.is, en skýst nú fram úr samkeppninni í könnun Fjölmíðlavaktarinnar.

Farsímareikigjöld í ESB:

Samkomulag um þak á gjöld

BRUSSEL, AP Fulltrúar Evrópuþingsins og ríkisstjórnna aðildarríkja Evrópusambandsins komust í gær að samkomulagi um að setja þak á reikigjöld í farsímaþjónustu, í því skyni að takmarka kostnað Evrópuþúa sem nota síma sína á ferðalögum utan heimalandsins.

Ákveðið var að þakið yrði 0,49 evrur á mínútu fyrir að hringja símtal erlendis og 0,24 evrur fyrir að taka við símtali. Farsímafélögin hafa barist hatramlega gegn reglugerðinni, sem nú bíður endanlegrar samþykktar Evrópuþings og ráðherraráðs, en hún getur leitt til allt að sjötíu prósentu lækkunar á reikigjöldum.

- aa

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

SKAGASTRÖND

Hreppurinn styður Kántrýbæ

Útvarp Kántrýbæ sem kúrekaöngvarinn Hallbjörn Hjartarsson rekur á Skagaströnd mun fá stuðning Höfðahrepps samkvæmt ákvörðun hreppsfundar á miðvikudag. Kántrýbæ hefur starfað árum saman en hefur átt í rekstrarerfiðleikum. Stuðningurinn gerir Kántrýbæ auðveldara fyrir að halda úti útsendingum.

Lyktin var ópolandi segir bæjarstjórinn

Gísli Einarsson bæjarstjóri Akraness segir íbúa hafa ærna ástæðu til að kvarta undan ólykt í bænum. Hún hafi verið gersamlega ópolandi. Bæjaryfirvöld fái faglegar umsagnir um málið í næstu viku og taki ákvarðanir í framhaldi af því.

UMHVERFISMÁL „Bæjarráðið hefur fullan skilning á þessum mála-rekstri íbúanna,“ segir Gísli Einarsson, bæjarstjóri á Akranesi, um mótæmi 602 íbúa vegna ólyktar af fiskimjölsvinnslu og hausþurrkun.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær átti bæjarráðið fund með fulltrúum óánægðu íbúanna í síðustu viku. Á þeim fundi voru einnig fulltrúar heilbrigðisnefndar Vesturlands og Umhverfisstofnunar og óskaði bæjarráðið eftir umsögnum frá þeim.

„Það eru þessi faglegu vinnubrögð sem þetta gengur eftir. Ég reikna með að þeir sendi okkur svör eftir helgina og við þurfum að taka ákvarðanir í framhaldi af því. Við virðum skoðanir íbúanna og við vitum að það sem þessir 602 undirrituðu var engin vitleysa. Það var virkileg ástæða til að kvarta,“ segir bæjarstjórinn.

Að sögn Gísla var ólyktin hvað verst í bænum fyrr á þessu ári þegar verið var að bræða bein og kolmunna hjá HB Granda. „Mín persónulega skoðun er sú að það var gersamlega ópolandi fnykur þessa daga. Það var ekki einu sinni hægt að aka í gegnum bæinn án þess að vera mengaður af lyktinni,“ segir bæjarstjórinn.

Bræðslu kolmunna og beina hafði verið hætt á Akranesi en var tekin upp aftur á vertíðinni í vetur sem leið. Krafa íbúanna er sú að HB Grandi hætti bræðslu beina og kolmunna í bænum.

Þá vilja íbúarnir að hausþurrkun Laugafisks verði flutt á skipulagt iðnaðarsvæði fyrir utan bæinn því ekkert verði ráðið við



BERA SAMAN BÆKUR SÍNAR Ketill Björnsson og Guðmundur Sigurbjörnsson, tveir fulltrúar íbúanna, sem berast gegn lyktarmengun á Akranesi, bera saman bækur sínar við fiskimjölsvinnslu HB Granda.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

óþefinn. Bæjarstjórinn segir stöðuna hjá Laugafiski hafa batnað. „Ástandið hefur lagast hjá Laugafiski eftir að þeir fóru að vera með ferskara hráefni,“ segir Gísli og vísar þar til að áður hafi brunnið við að fyrirtækið væri að vinna úr úldnu hráefni.

Gísli játar að umræddur rekstur sé mikið hagsmunamál. „En það breytir ekki því að þetta ástand var ópolandi,“ segir hann.

Ásgrímur Káranson, verksmiðjustjóri hjá Laugafiski á Akranesi, sagðist ekkert hafa um málið að segja og vísaði á Ingu Jónu Friðgeirsdóttur, forstjóra

„Það var ekki einu sinni hægt að aka í gegnum bæinn án þess að vera mengaður af lyktinni.“

GÍSLI EINARSSON
BÆJARSTJÓRI

fyrirtækisins. Ekki náðist samband við Ingu Jónu sem er erlendis.

Hjá HB Granda var vísað á Vilhjálm Vilhjálmsson, yfirmann uppsjárdeilda. Ekki náðist í hann heldur.

gar@frettabladid.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lagadeild

Laganám í Háskóla Íslands: Reynsla, metnaður og gæði

Umsóknarfrestur er til 5. júní. www.lagadeild.hi.is.
Skrásetningargjald allt skólaárið aðeins kr. 45.000.-

Njóttu sumarsins

Lóritín®
– Kröftugt ofnæmislyf

Notkun: Lóritín er ætlað til meðferðar á einkennum ofnæmiskvefs og langvarandi ofsakláða af óþekktum toga. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn (>12 ára): 1 tafla á dag. Börn 2-12 ára (<30 kg): ½ tafla (5 mg) á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Töfluna má taka hvenær sem er, án tillits til matmálstíma. Hefja ætti meðferð hjá sjúklingum með verulega skerta lífrarstarfsemi með minni skammti. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virka efni eða hjálparefnum. **Varúðarreglur:** Gæta skal varúðar ef Lóritín er gefið sjúklingum með mikið skerta lífrarstarfsemi. Lyfið inniheldur laktósa. Langvarandi notkun getur leitt til aukinnar hættu á tannskemmdum vegna munþurrks. Notkun Lóritíns á meðgöngu og við brjóstgjöf er ekki ráðlögð nema í samráði við lækni. Í einstaka tilfellum finnur fólk fyrir syfju sem getur haft áhrif á hæfni þeirra til aksturs eða notkunar véla. **Aukaverkanir:** Lóritín þolast almennt vel en algengustu aukaverkanirnar hjá börnum á aldrinum 2-12 ára eru höfuðverkur, taugaveiklun og þreyta. Algengustu aukaverkanirnar hjá 12 ára og eldri eru svefnhöfgi, höfuðverkur, aukin matarlyst og svefnleysi. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Desember 2005.

LYFJA
- Lífið heil

actavis
hagur í heilsu

Erling Ólafsson skordýrafræðingur segir skordýrin láta bíða eftir sér:

Hunangsflugan er óvenjusein

DÝRALÍF Erling Ólafsson, skordýrafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, segir að óstöðugleiki sé í pöðulífínu. Farið sé að vora mun fyrr en fyrir tíu árum og gróður rjúki upp sem aldrei fyrr en skordýrin séu ekkert að flýta sér.

„Það er dálítið erfitt að átta sig á þessu. Hver tegund hefur sína lífshætti, hunangsflugan er til dæmis óvenjusein, merkilegt nokk, þrátt fyrir þokkalegt ástand. Ég átta mig ekki á geitungunum, þeir eru farnir að sýna sig en í mjög litlum mæli. Ég bíð enn eftir deginum eina sem margir vakna. Mér sýnist hann ekki kominn ennþá,“ segir hann.

Erling hefur á tilfinningunni að einhver óróleiki sé yfir skordýralífínu. „Það er eins og lífríkið geri sér ekki alveg grein fyrir því hvernig það eigi að bregðast við vorinu. Maður áttar sig ekki alveg á því hvað er að gerast í þessu veðurfar,“ segir hann.

Dagurinn sem geitungar hafa farið á stjá hefur oftast verið kringum 20. maí en Erling segir að búast hafi mátt við að hann færðist fram og fyrir þremur árum hafi hann verið 10. maí. Ómögulegt sé að segja hvenær þetta verði í ár. „Það er ekki okkar



ÓVENJUSEIN
Hunangsflugan er óvenjusein á stjá í vor. Geitungar eru ekki farnir að sýna sig í neinum mæli.

BÍÐUR ENN „Ég bíð enn eftir deginum eina,“ segir Erling Ólafsson, skordýrafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, um komu geitunganna en þeir hafa oft vaknað kringum 20. maí.

mannanna að ákveða það. Lífverurnar ákveða það sjálfar. Það er eitthvað að gerast og erfitt að spá í það. Það er einhver óróleiki í kerfinu.“

Erling segir að grenitré komi brún undan vetri vegna sitkalúsar.

- ghs

Developed with



Shell



V-Power

Þróað með Ferrari

Upplifðu ánægjuna sem fylgir eldsneyti sem þróað er í samstarfi við Ferrari.



Vörmski Shell eru notuð af Skeljungum með leyfi Shell Brand Management AG.

Made to move



Tollskýrslugerð

Hagnýtt og ítarlegt námskeið í gerð tollskýrsla. Kynntar eru helstu reglur er varða innflutning, innflutnings-takmarkanir og undanþágur. Farið er yfir fylgiskjöl með vörusendingum og hvaða tilgangi þau þjóna við innflutning og gerð tollskýrsla. Farið er m.a. yfir myndun tollverðs og útreikning aðflutningsgjalda. Kynntir eru fríverslunar-samningar og notkun tollskrárinnar. Lengd: 21 std. og er boðið uppá morgun- og kvöldnámskeið. Verð: 28.000.- Sérútbúin kennslubók og itarefni innifalið.

Morgunhópur.

Kennsla hefst 18. maí og lýkur 25. maí. Kennt er mánudaga, miðvikudaga og föstudaga kl. 8.30 - 12.

Kvöld og helgarhópur.

Kennsla hefst 19. maí og lýkur 26. maí. Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 18 - 19.30 og laugardaga kl. 9 - 12.30.



TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS

A. KARLSSON

Nýttu
tækifærið
stórlækkað
verð

RÝMINGARSALA í Brautarholti 28

A. Karlsson flytur í nýtt og glæsilegt húsnæði að Vikurhvarfi 8.

Haldin verður rýmingarsala í gamla húsnæði fyrirtækisins, Brautarholti 28, þar sem í boði verða eldri gerðir af vörum og sýnishorn á stórlækkuðu verði.

RÝMINGARSALA í Brautarholti 28

- áhöld fyrir stóreldhús
- búshöld og borðbúnaður
- kokkafatnaður
- mikið úrval af stólum
- sjúkrarúm
- ný og notuð stóreldhústæki
- notuð skrifstofuhúsgögn
- dýnur
- og margt fleira

Opið verður frá kl. 12.00 -17.00. í dag og næstu daga.

A. Karlsson | Sími: 5 600 900

Utanríkisráðherrar Bandaríkjanna og Þýskalands á fundum með Pútín:

Sýni gætni í yfirlýsingum

RÚSSLAND, AP Ráðamenn í Moskvu og Washington hafa sammælt um að gæta orða sinna í því skyni að bæta samskiptin milli landanna. Þetta sagði rússneski utanríkisráðherrann Sergei Lavrov eftir að hin bandaríska starfssystir hans Condoleezza Rice átti fund með Vladímír Pútín Rússlandsforseta í Moskvu. „Forsetinn tók undir þann skilning Bandaríkjanna að þörf væri á að gæta orða sinna í opinberum yfirlýsingum og einbeita sér að þeim verkefnum sem fyrir liggja,“ sagði Lavrov, sem einnig tók þátt í fundinum. „Ég slæ ekki um mig með frösom eins og „nýtt kalt stríð“,“ sagði Rice



PÚTÍN OG STEINMEIER Rússland og ESB þurfa að greiða úr ýmsum málum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

fyrir fundinn, og var þar að vísa til nýlegra orða Pútíns um meint dramb Bandaríkjanna.

Þýski utanríkisráðherrann Frank-Walter Steinmeier átti líka fund með Pútín í gær í von um að geta hindrað að deilumál Rússlands og Evrópusambandsins versnuðu enn og spilltu fyrir horfum á að samkomulag næðist í viðræðum um endurnýjun samstarfs-sammings Rússlands og ESB, sem reyna á nýja atlögu að á föstudag. „Báðir aðilar eru áhugasamir um að útljá það sem okkur greinir á um og að leyfa ágreiningsefnunum ekki að verða að meiriháttar pólitískum árekstrum,“ sagði Steinmeier, en Þjóðverjar gegna nú formennskunni í ESB.

- aa

AKSTURSLEIÐIN



1. Maðurinn ekur á ofsahraða vestur Ártúnsbrekku. Hann var ákærður fyrir að aka á 160 kílómetra hraða þar sem hámarkshraði er 90, en dæmdur fyrir akstur á 130.
2. Ekur vestur Suðurlandsbraut á 100 til 130 kílómetra hraða þar sem hámarkshraði er 50. Ekur síðan yfir grasflöt og inn á Sæbraut þannig að ökumaður bíls sem kemur suður Sæbraut þarf að nauðhempla.
3. Ekur upp á gangstétt og inn á bílastæði hjá Pizza Hut, utan í kyrrstæðan bíl og í burtu aftur, yfir grasflöt og umferðareyju.
4. Ekur á 115 til 130 kílómetra hraða að hringtorgi, síðan um götur Smiðjuvegur og svo aftur inn í torgið á móti akstursstefnu.
5. Ekur suður Fálkabakka á röngum vegarhelmingi, virðir stöðvunarskyldu að vettugi og ekur síðan vestur Arnarbakka á allt að 130 kílómetra hraða, þar sem hámarkshraði er 30.
6. Ekur yfir grasflöt inn á Reykjanesbraut.
7. Ekur norður Reykjanesbraut á 135 kílómetra hraða og stöðvast loks þegar lögregla ekur á bíl hans við gatnamót Súðavegar.

Stofnaði fjölmörgum mannlífum í hættu

Rúmlega tvítugur maður var dæmdur í tólf mánaða fangelsi, þar af níu skilorðsbundna, fyrir að stofna lífi sínu, farþega sinna, annarra ökumanna og lögreglumanna sem eltu hann í augljósa hættu með ofsakstri undir áhrifum lyfja.

DÓMSMÁL Tuttugu og tveggja ára maður hefur verið dæmdur í árs fangelsi, þar af níu mánuði skilorðsbundna, fyrir að hafa stefnt lífi sjálfs sín og annarra í augljósa hættu með ofsakstri um götur Reykjavíkur undir áhrifum fíkniefna í febrúar síðastliðnum.

Maðurinn ók undan lögreglu í náttmyrkri og rigningu á allt upp undir fjórföldum hámarkshraða þegar verst lét, yfir umferðareyjur, á öfugum vegarhelmingi og utan í kyrrstæðan bíl. Fjórir lögreglubílar tóku þátt í eftirförinni undir það síðasta og stöðvaði maðurinn ekki fyrr en lögregla ók á bíl hans.

Maðurinn stofnaði lífi sínu, lögreglumanna, tveggja farþega sem í bílnum voru og annarra ökumanna í

augljósa hættu með aksturslagi sínu. Hann var undir áhrifum amfetamíns og kannabiseftna við aksturinn, auk þess sem hann hafði drukkið áfengi fyrr um kvöldið og hafði ekki gild ökuréttindi.

Ökuníðingurinn hefur fimmtán sinnum áður verið fundinn sekur um hegningar-, umferðar- og fíkniefnalagabrot, á tímabilinu frá febrúar 2004 fram í september síðastliðinn, þar af samtals sextán mánaða fangelsi fyrir þrjá smá frá september 2005. Maðurinn rauf skilyrði reynslulausnar með broti sínu og voru eftirstöðvar þess dóms gerðar upp í málinu. Maðurinn var því dæmdur í árs fangelsi, nú mánuði skilorðsbundna, og til greiðslu 300 þúsund króna sektar. Þá var

hann sviptur ökuleyfi í tvö ár.

Dómurinn er með þeim þyngri sem fallið hafa fyrir brot af þessu tagi, þótt horfa verði til skilorðsrofs og sakaferils mannsins. Daði Kristjánsson, sem sótti málið fyrir hönd lögreglu, segir dóminn þó ekki hafa verið óvenjubungan, sérstaklega með tilliti til skilorðsrofsins. Dómurinn hafi verið innan refsirammans en sektin og löng ökuleyfis sviptingin gefi alvarleika málsins skýrt til kynna.

„Það er stefna okkar að taka mjög alvarlega brot þar sem menn hafa sýnt af sér hegðun sem þessa,“ segir Egill Bjarnason, yfirlögregluþjónn í umferðardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

stigur@frettabladid.is

Rúmlega tvítugur fyrrum fangavörður dæmdur fyrir fíkniefnasmygl á Litla-Hraun:

Fangavörður fær skilorð fyrir smygl

DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur maður hefur verið dæmdur í hálf árs skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa, í starfi sínu sem fangavörður í ágúst í fyrra, gerst sekur um fíkniefnabrot í opinberu starfi, þegar hann smyglaði 240 grömmum af hassi og um 30 grömmum af amfetamíni inn á Litla-Hraun. Refsifanginn Mikael Már Pálsson hlaut fjögurra mánaða fangelsisdóm, þar af tvo mánuði skilorðsbundna, fyrir að skipuleggja innflutninginn og taka á móti efnunum.

Fangavörðurinn fyrrverandi hugðist skilja efnin eftir í fangaklefa Mikæls Má. Áður en kom til þess varð fíkniefnahundur var við eitthvað misjafnt og framvísaði vörðurinn þá efnunum við yfirmann sinn. Maðurinn er einnig dæmdur fyrir peningþvætti fyrir að hafa tekið á móti hundrad þúsund krónum í reiðufé frá Mikael Má kvöldið áður, smyglað þeim út úr fangelsinu og afhent þau öðrum. Mun honum hafa verið ljóst að féð var sölugóði fíkniefna. Maðurinn bar því við

að hann hefði verið undir miklum þrýstingi frá fönungum í fangelsinu og óttast um hag sinn. Sá vitnisburður fékkst staðfestur.

Mikael Már var dæmdur fyrir að skipuleggja smyglið til að geta notað og dreift efnunum í fangelsinu. Hann var dæmdur í fjögurra ára fangelsi síðasta sumar fyrir að hafa sent þrjá tvítuga pílta utan til að smygla hálfu kíló af kókaíni til landsins, og að hafa sjálfur smyglað hingað tæpum fjórum kílóum af amfetamíni.

- sh

SIENSKA/US/SP 35151 05/07



PÓSTURINN www.postur.is
SÍMI 580 1000 postur@postur.is
SP 00 878 215 8 15

HVAÐ SEM FYRIRTÆKIÐ ÞITT ÞARF AÐ SENDA
LÁTTU PÓSTINN KOMA ÞVÍ TIL SKILA



PÓSTURINN
allur þakinn



NÝTT
Bylting í meðferð
á fótssveppi ...

LAMISIL ONCE

– sveppasýkingarlyfið
sem einungis
þarf að bera á
einu sinni!



Verum með
fallegar tær
í sumar!

FÆST ÁN LYFSEDILS

Lamisil Once 1% húðlausn inniheldur 10 mg af terbínafíni (sem hydróklóríð). Lamisil Once er einskammta meðferð við fótssvepp (tinea pedis). Ekki má nota Lamisil Once ef til staðar er ónæmi fyrir terbínafíni eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins. Lamisil Once er eingöngu ætlað til útvortis notkunar. Lyfið er eingöngu ætlað til húð-meðferðar á fótum. Lamisil Once á ekki að nota á meðgöngu nema brýna naúdsyn beri til. Konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Lamisil Once. Börn og unglingar undir 18 ára aldri eiga ekki að nota lyfið þar sem reynslu skortir af slíkrri notkun. Lyfið á einungis að bera á einu sinni. Best er að bera Lamisil Once á húðina eftir sturtu eða bað. Lyfið verður að bera á báða fætur, jafnvel þótt einkenni sjáist einungis á öðrum fæti. Þetta tryggir algjöra eyðingu sveppsins. Hann getur leynst víðar á fótum þótt ekki sjáist nein merki um hann. Lamisil Once er mild lausn og ertir sjaldnast húðina. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið vandlega leiðbeiningarnar sem fylgja hverri pakkningu. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan, Kirkjúlundi 17, 210 Garðabæ.

www.lyfja.is



LYFJA STYÐUR LANDSLÍÐ KVENNA Í HANDBOLTA



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI LÖGFRÆÐI 2007 - 2008

Háskólinn á Akureyri býður upp á nám til B.A. og M.L. prófs í lögfræði. Í B.A. náminu eru lög og réttur skoðuð í sögulegu, félagslegu og heimspekilegu samhengi. Námið hentar bæði sem undirbúningur fyrir frekara laganám og sem sjálfstætt B.A. nám. Í M.L. náminu eru kenndar allar megingreinar íslenskrar lögfræði á sviði opinbers- og einkamálaréttar. Lögð er áhersla á að gera nemendur sem best í stakk búna til að takast á við lögfræðistörf, sem dómarmar, lögmenn eða sem lögfræðingar hjá opinberum stofnunum eða einkafyrirtækjum.

Námskrár, kynningarefni og umsóknareyðublöð eru á www.unak.is

Spennandi valkostur

- Persónulegt umhverfi – góð tengsl milli nemenda og kennara.
- Verkefnavinna – bæði hópverkefni og einstaklingsverkefni
- Alþjóðleg áhersla – töluvert um að kennarar komi frá erlendum samstarfsháskólum
- Lotubundið nám og símat

UMSÓKNARFRESTUR
ER TIL 5. JÚNÍ 2007

HÁSKÓLINN Á AKUREYRI • v/Norðurslóð • 600 Akureyri • Sími: 460 8000 • www.unak.is

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Dæmdar bætur vegna missis eiginmanns í sjóslysi:

Fær bætur vegna sjóslyss frá árinu 1997

DÓMSMÁL Samskip hafa verið dæmd til að greiða ekkju sjómanns 1,8 milljónir, auk vaxta frá 1997 og dráttarvaxta, vegna missis framfæranda. Maður hennar fírst þegar skipið Dísarfell sökk í mars árið 1997. Talið var að skipstjóri á skipinu hefði sýnt af sér saknæmt gáleysi með því að senda ekki strax út neyðarkall þegar skipið lenti í háska.

Skaðinn varð með þeim hætti að skipið fékk á sig mikinn halla á bakborða og sjór komst inn í lestar þess. Ljóst þykir að ástandi

skipins hafi verið ábótavant, en það er ekki talið saknæmt.

Ljóst þykir þó að skipstjórinn hafi verið vakinn klukkan tvö og hann hafi fyrirskipað að reynt yrði að dæla vatni úr lestum skipsins, en þeim tilraunum hætt klukkan fjögur þar sem þær báru engan árangur. Óútskýrt þykir hvers vegna neyðarkall var ekki gefið út fyrr en klukkan 4.52. Tveir skipverjar af tólf létust. Samskip voru talin bera ábyrgð á tjóni konunnar á grundvelli húsbóndaábyrgðar.

- sh



LYST EFTIR MADDIE Hvarf Madeleine hefur vakið gífurlega athygli og auglýsingar þar sem lýst er eftir henni hanga víða uppi. NORDICPHOTOS/AFP

Sleppt vegna skorts á sönnunargögnum

Portúgalska lögreglan grunar Breta um aðild að hvarfi Madeleine McCann. Vegna skorts á sönnunargögnum var þó ekki unnt að hafa hann í haldi.

PORTÚGAL, AP Lögreglan í Portúgal hóf í gær formlega rannsókn á breskum manni, Robert Murat, sem grunaður er um aðild að hvarfi hinnar fjögurra ára Madeleine McCann, sem var rænt af hótélherbergi 3. maí síðastliðinn. Lögreglan þurfti þó að sleppa Murat úr haldi síðar um daginn vegna skorts á sönnunargögnum.

Formleg rannsókn á grunuðum einstaklingi er fyrsta skrefið í að leggja fram ákæru á hendur honum, samkvæmt portúgölskum lögum sem ætlað er að vernda stjórnarskrárbundin réttindi borgara.

Ásamt Murat voru tvö vitni sem tengjast honum, þýsk kona og portúgalskur maður, yfirheyrð í gær.

Murat, sem á portúgalska móður og breskan föður, býr ásamt móður sinni í hundrað metra fjarlægð frá hótelinu þaðan sem Madeleine var rænt. Lögregla rannsakaði í gær hús hans og lagði meðal annars hald á tölvur og síma.

Portúgalskir fjölmiðlar greindu frá því í gær hvernig Murat, sem er túlkur, hefði blandað geði við fjölmiðlamann fyrir utan hótelið í kjölfar hvarfs Madeleine og boðið þeim aðstoð sína. Ein blaðakona tjáði bresku fréttastöðinni Sky News að hún hefði bent lögreglunni á að fylgjast með Murat vegna grunsamlegrar hegðunar.



ROBERT MURAT Auk hans var tvennt yfirheyrð vegna hvarfs litlu stúlunnar.

Madeleine var rænt þar sem hún svaf á hótélherbergi fjölskyldunnar ásamt tveimur systkinum sínum, tveggja ára gömlum, meðan foreldrar þeirra snæddu kvöldverð á nálægum veitingastað milli þess sem þau gættu að börnunum.

Rúmar 326 milljónir hafa safnast í sjóð sem ætlað er að veita úr gegn vísbendingum frá fólki um Maddie. Meðal þeirra sem hafa lagt til fé í sjóðinn eru J.K. Rowling, Richard Branson, David Beckham og Eggert Magnússon.

Foreldrar Madeleine segjast ekki ætla að snúa aftur til Bretlands fyrr en dóttir þeirra komi í leitirnar. sdg@frettabladid.is

Safnkostur Ríkisútvarpsins:
Verið að skoða tæknileg atriði

FJÖLMIDLAR Verið er að skoða hvaða tæknibúnaður henti best til að færa safnkost RÚV yfir á aðgengilegt form og hversu mikið þurfi. „Þá verður kominn tæknilegur kostnaðargrundvöllur,“ segir Páll Magnússon útvarpstjóri. Páll segir „unnið að þessu af krafti og festu“ og niðurstöðu að vænta á næstu vikum. Þá verði haldið áfram með önnur atriði áætlunarinnar.

Í nýjum lögum um RÚV stendur að gera skuli áætlun um að setja eldra efni á aðgengilegt form. Stefnt var á að ljúka áætluninni um þetta leyti árs. - kóp

Jarðaflækja tefur að Djúpavogshreppur geti bætt fjárhagsstöðuna:
Vilja selja jarðir upp í skuldir

STJÓRNSÝSLA Sveitarstjórnin á Djúpavogi kveðst ekki geta selt eyðijarðirnar Tunguhlíð og Markúsarsel. Tilboð hafði borist en sveitarstjórnin opnaði það ekki þar sem hún telur sveitarfélagið ekki hafa formlega heimild til að selja þessar jarðir. Að sögn Björns Hafþórs Guðmundssonar sveitarstjóra var ákveðið að ríkið seldi sveitarfélaginu jarðirnar þegar Geithellnahreppur sameinaðist Djúpavogi í byrjun áttunda áratugarins. Svo virðist sem láóst hafi að þinglýsa sölunni og landbúnaðarráðuneytið vilji nú fullvissa sig um að rétt hafi verið staðið að málum áður en það skrifar upp á eignarhald Djúpavogshrepps.

Björn Hafþór segir afar mikilvægt fyrir Djúpavogshrepp að eignarhald hreppsins á jörðunum fái staðfest. „Bærinn er í fjárhagskröggum og þarf á fjármunum að halda,“ segir

sveitarstjórnin, sem kveður hreppinn munu auglýsa jarðirnar til sölu. Aðspurður segir hann þar bæði rjúpnalönd og stangveiði. Sveitarstjórnin hefur samið um sölu jarðarinnar Stekkjarhjáleigu til eiganda nærliggjandi jarðar. Athugasemdir hafa verið gerðar við þau viðskipti þar sem þau fara fram án þess að jörðin hafi verið auglýst. Björn Hafþór segir það eiga sér þá skýringu að viðkomandi kaupandi hafi þurft á Stekkjarhjáleigu að halda vegna uppbyggingar á ferðaþjónustu á sinni jörð og það hafi þótt gagnlegt fyrir hreppinn. - gar

DJÚPIVOGUR Hreppurinn þarf á peningum að halda og vill selja eyðijarðir en óvissa er um eignarhaldið. MYND/ISAÐ ÖRN



Á BISKUPASTEFNU Benedikt XVI páfi með biskupum frá allri Rómönsku Ameríku í Aparecida í Brasilíu á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Páfi lýkur Brasilíuheimsókn:
Skellir skuld á marxisma og kapítalisma

BRASILÍA, AP Benedikt XVI páfi skellti skuldinni af vandkvæðum Suður-Ameríku á marxisma og óheftan kapítalisma er hann messaði á sunnudag yfir biskupum úr allri álfunni, sem sóttu fund páfa undir lok fimm daga heimsóknar hans til Brasilíu. Hvatti hann biskupana til að „móta nýja kynslóð rómversk-kaþólskra leiðtoga í stjórnmálum“ til að snúa vörn í sókn.

Milljónir manna í Suður-Ameríkukjúkum hafa á undanförunum árum sagt sig úr kaþólsku kirkjunni og gengið til liðs við frjálsa mótmælendasöfnuði.

Páfi varaði líka við því að getnaðarvarnir og fóstureyðingar „ógnuðu framtíð þjóðanna“ í heimshlutanum og hin sögulega kaþólska sjálfsmynd hans ætti í vök að verjast. - aa

Ríkið semur við borgina:
Ný heimili fyrir áttatíu geðsjúka

FÉLAGSMÁL Ríkið og Reykjavíkurborg eru að semja um átak í þjónustu við geðfatlaða. Um tilraunaverk-

efni er að ræða sem felst í því að umrædd þjónusta er flutt frá ríkinu til borgarinnar. Velferðarráð Reykjavíkur segir þetta verða stórátak í uppbyggingu búsetu og þjónustu fyrir um það vil áttatíu geðfatlaða einstaklinga. „Hugmyndum um að færa beri þjónustu við fólk með geðraskanir út í samfélagið – frá hefðbundnum sjúkrastofnunum – vex fylgi,“ segir félagsmálaráðuneytið og bætir við: „Talið er að búseta í íbúðarkjarna eða þjónustuíbúð með fjölbreyttri og sveigjanlegri stoðþjónustu geti veitt stöðugleika og öryggi.“ - gar



JÖRUNN FRÍMANNSDÓTTIR Formaður velferðarráðs Reykjavíkur.

NISSAN 4x4

Verð aðeins **2.990.000 kr.**
Innifalið í verði: Bakkvörn, dráttarbeisli og stigbretti

FYRSTIR KOMA

FYRSTIR FÁ!

NÚ BJÓÐUM VIÐ NOKKRA NISSAN X-TRAIL SPORT
Á FRÁBÆRU VERÐI MEÐ VEGLEGUM AUKAPAKKA!

RÍKULEGUR STAÐALBÚNAÐUR

Staðalbúnaður: 17" álfelgur, 4x4, litað gler, 6 diska geislaspilari, 3 drifstillingar, loftkæling, sjálfskipting, útvarpsfjarstýring í stýri, sóllúga.

KOMDU OG REYNSLUAKTU!

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt	Akureyri 464 7940	Höfn í Hornafirði 478 1990	Njarðvík 421 8808
			Reykjarfirði 474 1453

Tók höfuðið með til lögreglu: Unglingur háls- hjó móður sína

TÓKÝÓ, AP Sautján ára unglingspiltur gekk inn á lögreglustöð í Tókýó í Japan í gær með afskorið höfuð móður sinnar og játaði að hafa myrt hana. Því næst vísaði hann lögreglumönnum heim til sín á lík móður sinnar og sagði hvernig hann hefði hálshöggvið hana að kvöldi 47. afmælisdags hennar meðan hún svaf. Pilturinn sagði það skipta sig engu hvern hann myrti.

Japanar hafa löngum hreykt sér af öryggi á götum úti og lágrí tíðni ofbeldisglæpa en nokkur óhugnanleg morðmál undanfarið hafa grafið undan þeirri ímynd, um Tókýóborg. - s.dg

LÖGREGLUFRÉTTIR

Enn þá sofandi í öndunarvél

Manninum sem slasaðist lífshættulega í bifhjólaslysi í Reykjanesbæ 6. maí er enn haldið sofandi í öndunarvél. Sömu sögu er að segja af unglingspiltinum sem fannst meðvitundarlaus á botni Sundlaugar Kópavogs í lok apríl.

Fyrsta gervihjartaígræðslan

Sjúklingi sem fékk gervihjarta á dögnum, fyrstur Íslendinga, er haldið sofandi. Aðgerðin gekk vel og reiknað er með að fimm til sex aðgerðir af þessu tagi verði gerðar hérlandis á ári.

HEILBRIGÐISMÁL Gervihjarta var í fyrsta skipti grætt í sjúkling hér á landi nýlega. Gervihjartaþeginn er 64 ára karlmaður. Rannsóknir sýndu að ígræðsla á hjálparhjarta væri hans eina von um bata og áframhaldandi líf. tíu lækna og hjúkrunarfólk voru í tíu tíma að ígræðslunni og tókst hún þrýðilega.

Sjúklingnum er haldið sofandi á gjörgæsludeild eftir aðgerðina. „Það stóð á endum að hjarta sjúklingsins hætti allri starfsemi um það leyti sem aðgerðin var gerð. Hjálparhjartað dælir nú í stað vinstri hluta hjartans en fram að þessu hefur hægri hluti hjartans ekki tekið við sér eins og vonast var til,“ segir Bjarni Torfason, yfirlæknir hjarta- og lungna-skurðeildar LSH.



BJARNI TORFASON

Birna Sigurðardóttir, eiginkona Þorbjörns Arnasonar sem lést eftir hjartaþræðingu í nóvember 2003, stofnaði minningarsjóð tækja- og hjartaþræðinga LSH sem gekkst fyrir söfnuninni í hjartastað. Þessi sjóður gaf síðan spítalanum á annan tug milljóna króna fyrir gervihjartanu.

Hjartað er það fyrsta sem grætt er í Íslending og það hér á landi og kostaði það um fjórtán milljónir. Meðal annars þurfti að senda þrjá lækna og einn hjarta- og lungnávélaserfræðing utan til að læra að græða gervihjarta í menn.

Gervihjartaþeginn hefur nú litla pumpu í stað hjarta inni í sér. Gervihjartað sér um að dæla blóði úr biluðum vinstri slegli yfir í ósæðina og þannig út um líkamann. Það dælir með jöfnum þrýstingi en ekki á taktvissan púls-erandi hátt eins og hjartavöðvinn.

Fyrir vikið eru þeir sem eru með gervihjarta ekki með púls eins og aðrir. Rannsóknir bendi til að til-
tölulega jafn þrýstingur gervi-



MEÐ SVONA GERVIHJARTA Gervihjartaþeginn hefur nú litla pumpu, eins og sjá má á þessari mynd, inni í líkama sínum.

hjáttans hafi ekki neikvæð áhrif á æðar eða líffæri. Gervihjartaþeginn mun vera með batterí innan-klæða sem þarf að hlaða á hverjum degi.

Bjarni reiknar með að fimm til sex aðgerðir af þessu tagi verði gerðar á ári til að byrja með. Ein aðgerð verði gerð til að brúa bilið fram að hjartaígræðslu, ein á

sjúklingi þar sem hjartað mun ná sér við þá hvíld sem gervihjartað veitir þannig að hægt verði að taka það út eftir nokkra mánuði eða ár. Þrjár til fjórar aðgerðir verði svo gerðar á sjúklingum sem fá varanlega lausn með gervihjartanu.

Hafin er söfnun fyrir hjarta- og gervilunga fyrir börn.

ghs@frettabladid.is





BLAIR OG AHERN Forsætisráðherrar Bretlands og Írlands í breska þinginu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ahern ávarpar breska þingið:

Árangur fram- ar vonum

LONDON, AP Bertie Ahern, forsætisráðherra Írlands, segir að árangurinn af friðarumleitun-um þeirra Tonys Blair á Norður-Írlandi hafi orðið meiri en þeir hafi nokkurn tímann látið sig dreyma um.

Ahern sagði þetta á breska þinginu, sem hann ávarpaði í gær fyrstur írskra forsætisráðherra.

Jafnframt sagði hann að heimastjórnin á Norður-Írlandi, sem er nýtekin til starfa á ný eftir langt hlé, væri enn brothætt og aðeins upphafið að löngu sáttferli milli andstæðra fylkinga. - gb

Nærri sextíu manns handteknir í Kaupmannahöfn á mánudag:

Nýr Vindlakassi reistur í snatri

DANMÖRK Íbúar í fríríkinu Kristjáníu gerðu sér lítið fyrir og reistu í fyrrinótt á ný litla timburhúsið, „Vindlakassann“ svonefnda, sem danska lögreglan reif niður á mánudagsmorgun.

„Þetta er Kristjáníu-kímnigáfa. Við gerum svolítið grín að þessu til að vekja athygli á því að það var óþarfa valdniðsla að rífa húsið,“ sagði kona búsett í Kristjáníu í viðtali við danska dagblaðið Politiken.

Dönsk stjórnvöld lýstu því yfir í gær að nýja húsið yrði rífið, rétt eins og það gamla, en létu ekkert uppi um hvenær af því yrði.

Heiftarleg mótmæli brutust út á mánudaginn eftir að lögreglan mætti á staðinn til að rífa húsið. Mótmælendur komu upp götuvatni og báru eld að, köstuðu grjóti og eldsprengjum í lögregluna og stóðu mótmælin langt fram á nótt.

Nærri sextíu manns voru handteknir en mótmælendur virtust búa sig undir frekari aðgerðir næstu daga og jafnvel vikur. Einn heimilislaus maður var settur í tuttugu daga varðhald, sakaður



FRÁ MÓTMÆLUNUM Á MÁNUDAG Lögreglan átti fullt í fangi með að hemja mannfjöldann. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

um að hafa tekið þátt í mótmælunum.

Í gær var einnig unnið skemmdarverk á styttni Litlu hafmeyj-

unni. Andlit hennar var málað rautt, en þetta er í annað sinn á stuttum tíma sem skemmdarverk er unnið á styttni. - gb

Lögreglan kölluð að klámbúð:

Stóð klámhund að klámhnupli

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók á mánudag í ónafngreindri verslun í borginni átján ára pilt sem virðist hafa óhóflegt dálæti á hjálpartækjum ástarlífsins og öðru klámfengnu efni og munum.

Pilturinn var fyrst gripinn í versluninni á föstudaginn var þegar hann reyndi að hnupla þaðan vörum. Báðar helgarnæturnar var síðar brotist inn í verslunina og stolið þaðan svokölluðu stinningartæki fyrir karlmenn auk annars. Upptökur úr öryggismyndavél leiddu í ljós að þar var pilturinn að verki í báðum tilvikum. Hann var síðan handtekinn þegar hann kom í verslunina í fjórða skipti á fjórum dögum á mánudag. - sh

UMFERÐ

Lokun við Hafravatsveg

Vegna framkvæmda við gatnagerð og veitulagnir verður aðkoman að Hafravatsvegi lokað við hringtorgið á Vesturlandsvegi frá 14. maí til 12. júní. Aðkoma að Hafravatsvegi og Lambhaga verður um Reynisvatnsveg.

4,5%

Ný helmingaskipt húsnæðislán með lægri vöxtum

50% erlendar lágvaxtamyntir - 50% íslenskar krónur. Þannig færðu lánið á lægri vöxtum en býrð við mun minni gengisáhættu en ef lánið væri 100% í erlendri mynt. Fáðu nánari upplýsingar og ráðgjöf í útibúum Glitnis eða í þjónustuveri í síma 440 4000.

SAMANBURÐUR Á LÁNUM	VEXTIR	GENGISÁHÆTTA	GREIÐSLUBYRÐI	EIGNAMYNDUN
100% íslenskar krónur**	4,95%	Engin	Lág	Hæg
NÝTT HELMINGASKIPT LÁN***	4,50%*	Hóflæg	Lág	Í meðallagi
100% erlend myntkarfa****	5,74%*	Mikil	Há	Hröð

* M.v. vaxtatöflu og 1 mánaða libor vexti 03.05.2007 ** Verðtryggt jafngreiðslulán
 *** 50% íslenskar krónur / 50% erlent lán í CHF og JPY **** EUR, USD, GBP, CHF og JPY





Núna

MYTA HUBBÍ / SIA - 8799

Volkswagen – kolefnisjafnaður bíll

Volkswagen verður fyrsta kolefnisjafnaða bílategundin á Íslandi. Það er vel við hæfi, enda hefur Volkswagen verið í fremstu röð í þróun og hönnun umhverfisvænni bílvéla. Má þar nefna TDI-dísilvélnar, TSI- og FSI-bensínvélnar, notkun metans sem aðalorkugjafa og hina byltingarkenndu BlueMotion-bíla sem eru væntanlegir.

Kolefnisjöfnun

Með kolefnisjöfnun er óæskilegum áhrifum gróðurhúsalofttegunda mætt með því að binda samsvarandi magn kolefnis, t.d. með skógrækt. Kolefnisjöfnun er einföld, raunhæf og áhrifarík aðferð til að bæta umhverfið og vernda þannig lífsskilyrði okkar um alla framtíð.

Öflugur samstarfsaðili

Hekluskógar eru samstarfsaðili HEKLU í verkefninu og munu sjá um að planta trjám sem binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og bílarnir og HEKLA gefa frá sér.



HEKLA Grænt fyrirtæki – kolefnisjöfnuð starfsemi

eru þeir allir grænir!

Volkswagen á Íslandi tekur forystu í umhverfismálum



Grænir bílar – kolefnisjafnaður akstur

Loftslagsbreytingar af mannavöldum eru eitthvert mikilvægasta viðfangsefni nýrrar aldar. Vandinn er stór, alþjóðlegur og samgróinn lífsháttum okkar. Hætt er við að mörgum þyki erfitt að sjá hvernig hægt sé að ná tökum á honum.

En öll ferðalög byrja á einu skrefi. Það höfum við hjá HEKLU nú stigið. Reyndar má segja að við höfum tekið tvö skref:

Framvegis mun HEKLA greiða fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár

Frá og með deginum í dag mun öll starfsemi HEKLU verða kolefnisjöfnuð


Með því að velja Volkswagen tekur þú þátt í einhverju metnaðarfullsta umhverfisverkefni sem íslenskt fyrirtæki hefur ráðist í, og leggur þannig þitt af mörkum til verndunar umhverfisins.



Aus Liebe zum Automobil

Svona erum við

> Meðalhiti í maí í Reykjavík 2001-2005



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: SEA SHEPHERD

Hirðmenn hafsins á leið til Íslandsstranda

Sea Shepherd eru umhverfisverndarsamtök sem berjast gegn veiðum á sjávardýrum. Þau voru stofnuð árið 1977 af liðsmönnum sem höfðu klofnað út úr Greenpeace. Samtökin hafa aðallega beint spjótum sínum gegn hvalveiðum en auk þess fengist við baráttu gegn veiðum á sjávarskjaldbökum og selum.

Hver stofnaði samtökin?

Stofnandi samtakanna er Kanadamaðurinn Paul Watson. Hann var einn af upphafsmönnum umhverfisverndunarsamtakanna Greenpeace en flosnaði upp úr þeim. Jim Bohlen, einn af stofnendum Greenpeace, lét hafa eftir sér í viðtali við Los Angeles Times að Watson væri óður („he's absolutely in-sane, out of his mind“). Watson hefur unnið hörðum höndum að verndun

ýmissa dýrategunda frá árinu 1969 en verið umdeildur fyrir baráttuaðferðir sínar.

Hver er helsti munurinn á Greenpeace og Sea Shepherd?

Aðferð Greenpeace gegn hvalveiðum er að safna gögnum um ólöglegar veiðar og nota þau í herferðum sem ganga út á það að móta almenningsálit í þeim löndum þar sem samtökin starfa. Liðsmenn Sea Shepherd hafa fremur viljað nota bein- ar aðgerðir gegn veiðimönnum og státa sig af því að frá árinu 1979 hafa þeir sökkt tíu hvalveiðiskipum. Meðal þeirra eru íslensku hvalveiðiskipin

Hvalur 6 og Hvalur 7 sem samtökin sökktu árið 1986.

Hvernig eru samtökin rekin?

Samtökin Sea Shepherd segjast ekki gróða-fyrirtæki en á aðalfundi Landssambands íslenskra útvegsmanna árið 2003 var sagt að Sea Shepherd nyti stuðnings fjölda stórfyrirtækja, svo sem kaffihúsakeðjunnar Starbucks.

Hverjar eru næstu aðgerðir þeirra?

Eitt skipa samtakanna, Farley Mowat, lagði úr höfn í Ástralíu í gær og er á leið til Íslands. Þau hafa hrundið af stað aðgerð gegn hvalveiðum Íslendinga sem nefnast „Operation Ragnarök“.



SPURT & SVARAÐ

STÓRKROSS HINNAR ÍSLENSKU FÁLKAORÐU

Aðallega æðstu embættismenn

Helgi Tómasson, stjórnandi San Francisco-ballettsins, var á mánudag sæmdur stórkrossi hinnar íslensku fálkaorðu. Örnólfur Thorsson forsetaritari á sæti í orðunefnd sem orðuritari.

ÖRNÓLFUR THORSSON
Orðuritari.

Hvað er stórkross hinnar íslensku fálkaorðu?

„Stórkrossinn er æðsta viðurkenning sem íslenska lýðveldið veitir einstaklingum. Hann er fjórða stig fálkaorðunnar og það æðsta ef undan er skilin keðja stórméistara sem forseti Íslands ber.“

Hversu oft er stórkrossinn veittur?

„Hann hefur verið veittur alloft á liðinni öld, þó oftast æðstu embættismönnum, forsætisráðherrum og biskupum. Aðrir Íslendingar hljóta krossinn afar sjaldan.“

Hverjir hafa hlotið krossinn?

„Forsetinn tóltótt Halldór Laxness sérstaklega við veitinguna á mánudag vegna þess að þá var liðin nákvæmlega hálf öld frá því að honum var veittur krossinn. Af öðrum nafntoguðum Íslendingum sem hafa fengið stórkrossinn má nefna rithöfundinn Gunnar Gunnarsson, Pál Ísólffsson tónskáld og Sígurð Nordal prófessor og sendiherra.“

Venja að jaðarflokkar verji minnihlutastjórnir falli

Hugmynd Ögmundar Jónssonar og annarra um að Framsóknarflokkurinn verji minnihlutastjórn VG og Samfylkingarinnar falli er nýlunda í íslenskum stjórnmálum. Áþekkt stjórn hefur aldrei starfað í landinu.

Þó að hugmyndin hafi svo gott sem verið slegin út af borðinu er athyglisvert að hún hafi komið fram. Ekki er hefð fyrir minnihlutastjórnnum á Íslandi en slíkt stjórnarmynstur er algengt í stjórnmálasögu hinna Norðurlandanna. Fjórar minnihlutastjórnir hafa starfað á Íslandi en á allt öðrum forsendum en hefðbundnar minnihlutastjórnir sem ætlað er að fara með landsstjórn.

Fyrri minnihlutastjórnir

Fyrsta íslenska minnihlutastjórnin starfaði undir forsæti Ólafs Thors, formanns Sjálfstæðisflokksins, frá miðjum maí fram í desember 1942. Verkefni hennar var eitt og afmarkað; að leiðrétta kjördæmaskipunina með breytingu stjórnarskrár.

Aftur sat Ólafur í forsæti minnihlutastjórnar frá desemberbyrjun 1949 fram í miðjan mars 1950 eftir að tilraunir til



REYNT AÐ NÁ TAKTI Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Steingrímur J. Sigfússon ræddust við í stundarfjórðung í Alþingishúsinu á sunnudag á sama tíma og Ögmundur Jónsson sagði í ræðu í nokkur hundruð metra fjarlægð að á þeirri stundu væri myndun minnihlutastjórnar VG og Samfylkingarinnar með stuðningi Framsóknarflokksins til umræðu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Viltu skjól á veröndina?

Eigum við ekki að hætta þessari þrjúsku.



www.markisur.com
Veðrið verður ekkert vandamál.



www.markisur.com
Veðrið verður ekkert vandamál.

REX

Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma
567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

myndun samsteypustjórnar höfðu mistekist. Sú stjórn naut hvorki stuðnings né hlutleysis annarra flokka.

Síðari minnihlutastjórnir

Þriðja minnihlutastjórnin var við völd frá Þorláksmessu 1958 til nóvember 1959. Emil Jónsson, formaður Alþýðuflokksins, var forsætisráðherra og líkt og með fyrri minnihlutastjórn Ólafs Thors var verkefnið að leiðrétta kjördæmaskipunina með breytingu á stjórnarskránni.

Síðast starfaði minnihlutastjórn á Íslandi frá október 1979 fram í febrúar 1980 undir forsæti Benedikts Gröndal, formanns Alþýðuflokksins. Hún varð til eftir að slitnað hafði upp úr samstarfi Alþýðuflokks, Alþýðubandalags og Framsóknarflokks og hafði í raun þann eina starfa að rjúfa þing og boða til kosninga.

Hugmyndafræði minnihlutastjórnna

Minnihlutastjórnir eru jafnan skipaðar flokkum sem teygja sig út frá miðju stjórnmálatrófsins og njóta stuðnings flokka á jöðrum þess. Jaðarflokkarnir veita þá stuðning í viðleitni til að halda flokkum á hinum jaðri litrófsins frá völdum. Hugmyndafræði slíks stuðnings byggir á að við-

Forsætisráðherrar í minnihlutastjórnnum



ÓLAFUR THORS



EMIL JÓNSSON



BENEDIKT GRÖNDAL

komandi flokkar öðlist með honum rík áhrif á stefnu og gjörðir ríkisstjórnar og varni því um leið að pólitískt öndverð sjónarmið séu leidd til öndvegis.

Að baki hugmyndum um minnihlutastjórn Vinstrireyfingarinnar - græns framboðs og Samfylkingarinnar með stuðningi Framsóknarflokksins liggur því allt önnur hugsun. Við slíkar aðstæður myndi miðjuflokkur verja stjórn jaðarflokks.

Völd Framsóknar

Í ljósi sérkennilegra aðstæðna myndi Framsóknarflokkurinn öðlast mikil völd með stuðningi við minnihlutastjórn VG og Sam-

fylkingarinnar. Jafnvel má leiða að því rök að völd flokksins yrðu meiri en í stjórnarsamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn þar sem Framsókn færi með mun færri ráðuneyti. Framsóknarmenn gætu stíllt ríkisstjórninni upp við vegg og hún þyrfti að lúta vilja þeirra í einu og öllu þar sem stjórnarslit blöstu ella við og Sjálfstæðisflokkurinn kæmist til valda.



FRÉTTASKÝRING
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is

Opnum eftir miklar breytingar

Glæsileg opnunartilboð

Stillanlegt og þægilegt



2 Infinity stillanlegir botnar • 2 Infinity heilsudýnur • Króm lappir og Infinity gaff

Opnunartilboð kr. 309.900,-

Full verslun af nýjum teppasettum
skrautpúðum og glæsilegum sængurverum



Áttu von á gestum? Aldrei meira úrval



SENSEO SVEFNSÓFI 160 / 209x95cm – SENSEO SVEFNSÓFI 140 / 187x95cm – Margir litir

Komdu í verslun okkar að Faxafeni 5 og sjáðu glæsilegan sýningarsal okkar fullan af nýjum svefnsófum. Svefnsófar með heilsudýnu og MicroFiber áklæði í mörgum litum og stærðum.



Queen opnunartilboð

Queen Stærð 152x203 cm • Chiro Deluxe heilsudýna • Queen botnar • Queen gaff og lappir

Opnunartilboð kr. 129.900,-



Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

Ísafirði
Skeiði 1
Sími 456 4566

Akureyri
Tryggvabraut 24
Sími 462 1410

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opnið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16



Nýtt
Úr
Kjötborði
Nóatuns

GRÍSAGRILLSTEIK
MIÐJARÐARHAFS
998 kr. kg

pú sparar
300 kr. kg



Úr
Kjötborði
Nóatuns

LAMBAKÓRÓNA
AÐ HÆTTI GRIKKJA
2.498 kr. kg

pú sparar
500 kr. kg



Úr
Kjötborði
Nóatuns

STEINBÍTSSPJÓT
M/CHILLI OG LIME
398 kr. stk.

Nóatún
mælir
með!



Melónur og vínber
Ferskt og gott!



MAÍSSTÖNGLAR
FORSÖFNIR
149 kr. pk.

Nóatún
mælir
með!



Nýtt
Úr
Kjötborði
Nóatuns

GRILLPYLSUR ÚR KJÖTBORÐI,
TÓMAT, MOZZARELLA EÐA CHILLI
998 kr. kg

Nóatún
mælir
með!



MAXWELL HOUSE
KAFFI
399 kr. pk.



3 fyrir **2**



NÝTT

15%
afsláttur

Knorr Doy
súpur!

NÓATÚN

Bestir í kjöti

**Grillbæklingur
Nóatúns
er kominn
í verslanir!**



**Tilboð
á lambalæri!**



**Kryddað að hætti
kjötmeistarans!**

Úr
Kjötborði
Nóatúns

40%
afsláttur

LAMBALÆRRI
KRYDDAÐ
899 kr.
kg



GOURMET HUNANGSGRÍS
LÉTTREYKTUR

1.346 kr.
kg

20%
afsláttur



MÓA KJÚKLÍNGALEGGIR
OG MÓA PIRI PIRI

399 kr.
kg

Nóatún
mælir
með!



UNGNAUTAHAMBORGARAR
120 G

129 kr.
stk.

**pú sparar
60**
kr. stk.



Ota hafragrautur með berjum
eða eplum og kanil

OTA HAFRA-
GRAUTUR

249 kr.
pk.



MYLLU FJÓLKORNA-
SAMLOKUBRAUÐ

199 kr.
pk.



COKE
LIGHT

99 kr.
2l



LÍF
SAFI

89 kr.
l

Verði ykkur að góðu!

Jákvæðar afleiðingar undarlegs lóðbraks meirihluta borgarstjórnar:

Listaháskólann við Laugaveg

JÓN KALDAL SKRIFAR

Listaháskóli Íslands var meðal þeirra fjölmörgu aðila sem nutu mikils áhuga ráðherra ríkisstjórnarinnar til að ljúka góðum verkum síðustu dagana fyrir kosningar. Fimm dögum fyrir kjördag skrifaði menntamálaráðherra undir viljayfirlýsingu um framtíðarrekstrarframlag frá ríkinu til skólans og til að fullkomna ljósmyndatækifærið gáfu flokksfélagar ráðherrans í borgarstjórn Listaháskólans lóð í Vatnsmýrinni sama dag.

Sá galli er á gjöfinni að stjórnendur Listaháskólans vilja ekkert sérstaklega reisa skólanum nýtt húsnæði í Vatnsmýrinni. Hugar þeirra stendur til þess að skólinn verði í miðbænum, og hefur stjórn skólans lengi leitað að heppilegri lóð á þeim slóðum. Þetta kemur hins vegar ekki að sök því gjöf borgarstjórnar fylgja engar kvaðir um að Listaháskólinn byggji í Vatnsmýrinni, heldur má skólinn ráðstafa lóðinni að vild. Til dæmis má skipta á henni og annarri lóð, „ef aðrir kostir bjóðast“ eins og Hjálmar H. Ragnarsson, rektor skólans, orðaði það.

Nýr meirihluti sjálfstæðis- og framsóknarmanna hefur, á þeim stutta tíma sem hann hefur verið við völd, sýnt að hann umgengst þau verðmæti sem felast í byggingarlandi í eigu Reykjavíkurborgar með frjálslægri hætti en hefur viðgengist í seinni tíð.

Borgarstjóri notaði dýrmæta lóð við Starhaga í Vesturbænum til að kaupa sig út úr vandræðum sem hann kom sér í með hótunum um að koma í veg fyrir opnun spilasalar Háspennu í Mjóddinni. Sjálfur sagði borgarstjóri að þær skadabætur mætti meta á tuttugu til þrjátíu milljónir króna. Það verður fróðlegt að sjá hvernig sá herkostnaður verður færður í bókhaldi borgarinnar. Verður lóðin þar metin út frá gatnagerðargjöldum eða endanlegu söluverði þegar Háspenna er búin að ráðstafa henni?

Að sama skapi er það undarlegur gjörningur að gefa Listaháskólans lóð á einhverjum eftirsóttasta stað borgarinnar, ekki til að byggja á, heldur braska með.

Hins vegar er ekki hægt annað en að dáðst að taflmennsku Hjálmars H. Ragnarssonar, rektor skólans, sem tók þátt í sjónarspílinu í síðustu viku án þess þó að binda hendur sínar á nokkurn hátt. Fyrir vikið standa stjórnendur Listaháskólans uppi með pálmann, eða öllu fremur rándýra byggingarlóð, í höndunum, og geta nú byrjað af krafti að semja um kaup á lóð sem er þeim meira að skapi.

Meðal þeirra möguleika sem hafa verið nefndir fyrir staðsetningu skólans í miðbænum er reiturinn sem markast af Laugavegi, Frakkastíg og Hverfisgötu.

Ekki þarf að hafa mörg orð um að það yrði frábær lyftistöng fyrir Laugaveg ef af þeim áætlunum verður. Skóla af þessu tagi fylgir líf og fjör og ekki síður viðskipti fyrir verslanir og veitingastaði í bænum.

Meirihluta borgarstjórnar til hróss má því segja að þótt aðferðin hafi verið stórunderleg, þá var að minnsta kosti höggvið á þann hnút sem var kominn á lausn húsnæðismála Listaháskólans.

Stjórnendur skólans hafa nú frjálssar hendur til að finna honum framtíðarstaðsetningu í hjarta miðbæjarins. Vonandi rætist sá draumur þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRNAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ADSTODARRITSTJÓRN: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRNAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvín Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRNAR: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

na na thai
Thai Restaurant & Store

Matseðill á
www.thaimatur.com
Tælenskur matur
Heimsendingargjald 700 kr.

Frí heimsending í póstr.
103 104 105 108
Ef að pantað er fyrir meira en 3000 kr.
Önnur svæði, 700 kr. heimsending

Skeifan 4
Sími: 588 1818 • 896 3536

FRÁ DEGI TIL DAGS

Met jafnað en ekki slegið

Ríkisútvarpið sagði frá því á dögunum að Kristinn H. Gunnarsson hefði slegið nýtt met með því að vera kjörinn til Alþingis fyrir þrjá stjórnsmálaflokka, alltaf í sama kjördæminu. Einhver vegginn tókst þeim góðu fréttamönnum að yfirsjást merkur ferill Jóhönnu Sigurðardóttur, sem var kjörin á Alþingi fyrir Alþýðuflokkinn, Þjóðvaka og Samfylkinguna, alltaf fyrir Reykjavíkurborgardæmi. Þar fyrir utan var Jóhanna utan flokka eftir að hún sagði sig úr Alþýðuflokknum og í þingflokki Jafnaðarmanna eftir að Þjóðvaki og Alþýðuflokkur sameinust á ný. Metið sem Kristinn átti að hafa slegið var fyrst slegið í kosningunum 1999 og var Sleggjan einungis að jafna það met.

Faðerni kosningakerfisins

Í ljósi umræðunnar sem orðið hefur um íslenska kosningakerfið eftir kosningarnar um helgina fannst Þorkatli Helgasyni, stærðfræðingi og ráðgjafa landskjörstjórnar, ástæða til að hafa samband og vekja athygli á því að ofmælt væri að kalla hann höfund kerfisins, eins og gert hefur verið í fréttum. Hann bendir á að árið 1998 hafi þingnefnd, skipuð fulltrúum allra flokka undir formennsku Friðriks Sophussonar, skilað tillögum um nýtt kosningakerfi, sem hafi síðan í öllum meginatriðum verið færðar í lög árið 2000. Þá hafði Geir H. Haarde tekið við formennskunni af Friðriki og hann leiddi frumvarpsgerðina. Þorkell seg-

ist aðeins hafa verið nefndinni til aðstoðar með víska útreikninga. Rétt sé að hann hafi gegnt veigameira hlutverki við gerð kosningalaganna frá árinu 1987, en að kalla hann höfund þessara kerfa sé semsé ofmælt.

Þingmenn enn?

Samkvæmt vef Alþingis eru enn margir þingmenn, þrátt fyrir að hafa ekki verið kosnir sem slíkir á laugardag. Þannig eru til, dæmis Dagný Jónsdóttir, Magnús Þór Hafsteinson, Valdimar Leó Friðriksson og Sigrún Þórðarson enn þingmenn samkvæmt lista Alþingis. Reynar eiga þau öll eftir að uppfæra heimasíður sínar og í gær mátti sjá að þau ymist kynntu sig sem alþingismenn eða gáfu upp netfang sitt hjá Alþingi. svanborg@frettabladid.is



Hlustar Vilhjálmur á borgarbúa?

Þessi spurning leitar upp í hugann, þegar ljóst er orðið að Reykjavíkurborg hyggst opna heimili fyrir útigangsmenn að Njálsgötu 74, í trási við óskir íbúa næsta nágreinis um að finna hentugri stað fyrir starfseminu. Ítrekað hefur borgarstjórnin fengið tölvupóst frá íbúum hverfisins sem hafa óskað svara. Hann kys á þessa þunnu hljóði og láta undirmenn sína um að svara fyrir sig, sem sárafári hafa gert. Skyldi ástæðan vera að þetta mál gæti skaðað ímynd hans sem borgarstjóra, sem hann hefur verið svo duglegur að fegra þegar honum hentar?



JÓHANNES INGIMUNDARSON Í DAG | Gistiheimili fyrir útigangsmenn

Ég skil vel að borgarstjórnin okkar er upptekinn maður, en hann hefur samt tíma til að geyst fram á sjónarsviðið þegar brennur í Reykjavík og birtist okkur borgurum sem verndardýrlingur íklæddur slökkviliðsbúningi með hjálm á höfði innan um vaska slökkviliðsmenn. Þegar opna átti spilasal í Mjóddinni, í hans eigin hverfi, lá ekki á honum að berjast á móti því einn og óstuddur og kunnubúar Breiðholti honum þakkir fyrir. Samt hafði Happraetti Háskóla Íslands fullan rétt á að opna þarna spilasal, en gamli góði Villi stóð fastur sem klettur og fékk þeirri ákvörðun hnekk. Orðrétt lét hann hafa eftir sér í Fréttablaðinu þann 7. jan. 2007: „Í það hálf ár sem ég hef gegnt embætti borgarstjóra Reykvíkinga hef ég kappkostað ásamt samstarfsfólki mínu í meirihlutunum að innleiða metnaðarfulla fjölskyldustefnu sem birtist meðal annars í því að hlusta á óskir og væntingar íbúa borgarinnar og vinna með þeim að framkvæmd brýnna hagsmunamála. Mér er fyllilega ljóst hvar spila-

salir í borginni hafa verið opnaðir fyrir mína borgarstjóratíð og kunnugt um skoðanir þeirra íbúa sem nærri þeim búa. Þær skoðanir eru í takt við þær skoðanir sem þúsundir Breiðhýltinga setja nú fram með svo afgerandi hætti.“

Þessi fögru orð Vilhjálms um metnaðarfulla fjölskyldustefnu, að hlusta á óskir og væntingar íbúa borgarinnar og vinna með þeim að framkvæmd brýnna hagsmunamála, eru orðin tóm þegar kemur að okkur íbúum á Njálsgötu. Skyldi íbúalýðræðið vega þyngra í Breiðholti en í miðbæ Reykjavíkur?

Er það metnaðarfull fjölskyldustefna að opna gistiheimili fyrir útigangsmenn í einni þéttustu byggð Reykjavíkur, þar sem mikið af barnafólki hefur hreiðrað um sig síðustu ár og þar að auki við hlið barnaheimilis? Ekki hafa íbúar á Njálsgötu orðið varir við að hann hafi hlustað á óskir okkar. Engin grenndarkynning fór fram þegar tekin var ákvörðun um rekstur gistiheimilisins og lásu íbúar um þetta mál í blöðunum þegar búið var að ákveða staðsetningu heimilisins.

Við íbúar höfum líka bent á að fasteignasalar hafa tjáð okkur að íbúðaverð muni að líkindum lækka í nálægum húsum við gistiheimilið. Jónrunn Frímans-

dóttir, formaður velferðarsviðs borgarinnar, telur það af og frá, því reynslan sýni annað. Ingi-Björg Þórðardóttir, formaður Félag fasteignasala, telur að fasteignir í nágreini við gistiheimilið muni síður vera seljanlegar. Jafnframt telur hún að það sé full ástæða fyrir riftun kaupsamnings ef seljandi lætur ekki vita af starfsemi borgarinnar í götunni og jafnvel ástæða fyrir kaupanda að krefjast lækkunar af kaupverði. Þetta skilur bara á einn veg. Minnkandi eftirspurn þýðir lægra verð á máli hagfræðinnar. Hvaða reynslu er Jónrunn að tala um? Hafa sambærileg gistiheimili verið í svona þéttri byggð áður?

Fyrirhugað heimili er að sögn Jónrunnar fyrir 10 útigangsmenn og mega þeir vera þarna undir áhrifum áfengis og annarra vímuefna. Þeim er þó óheimilt að neyta þeirra innan veggja heimilisins. Hvar ætli neyslan fari þá fram? Er ekki líklegt að notaðir verði bakgarðar í hverfinu og kannski lóð barnaheimilisins Barónsborgar? Það er engin ástæða til að ætla annað en að þessir einstaklingar muni geyma tæki sín og tól til fíkniefnaneyslu í næsta nágreini, þrátt fyrir fögur fyrirheit Jónrunnar um að gæsla þarna verði mikil. Við íbúar hverfisins skiljum að einhvers staðar verða þessir einstaklingar að búa, en það hlýtur að vera hægt að finna hentugra húsnæði þar sem byggð er ekki eins þétt og á Njálsgötu.

Enn og aftur skora ég á borgarstjórnarið í Reykjavík að endurskoða staðsetningu heimilisins og hlusta á rök okkar íbúa í hverfinu.

Höfundur er íbúðareigandi við Njálsgötu.

Stórt skref í rétta átt

UMRÆÐAN

Lánasjóður námsmanna

Síðastliðinn 2. maí skrifuðu násmannahreyfingar (BÍSN, INSÍ, SÍNE og SHÍ) og fulltrúar stjórnvalda í stjórn LÍN undir samninga sem mörkuðu tímamót í sögu Lánasjóðs íslenskra násmanna. Grunnframfærslan hefur aldrei hækkað jafnmikið umfram verðbólguþspá, tekjuskerðing lækkaði í 10% og í fyrsta skipti geta násmenn nú sótt um skólagjaldalán vegna grunnnáms erlendis. Breytingarnar hafa í för með sér útlánaaukningu um 970 milljónir sem þýðir að 10.900 milljónir verða greiddar út til 11.000 násmanna á næsta skólalári. Þessir samningar eru því stórt skref í átt að bættum kjörum násmanna.



GARÐAR STEFÁNSSON

Grunnframfærsla barnlausra násmanna í leiguhúsnæði er nú um 94.000 kr. á mánuði en á síðasta námsári var hún 87.400 og er það hækking um 7,6%. Grunnframfærslan hefur aldrei verið hækkuð jafnmikið umfram verðbólguþspá en efnahagsdeild fjármálaráðuneytisins spáir að verðbólga ársins 2007 verði um 2,5%. Ef sú spá reynist rétt þýðir það að grunnframfærslan hækkar um 5,1% raungildi, sem kemur sér óneitanlega vel fyrir násmenn. Tekjuskerðing námslána er nú komin í 10%. En fyrir aðeins þremur árum síðan var hún 33%. Þetta hefur leitt til þess að fleiri

einstaklingar sem hafa verið á vinnu-markaði geta sest aftur á skólabekk án þess að hljóta alvarlegan tekjumissi vegna vinnutaps.

Það markmið bergmálar í lögum sjóðsins sem leggja áherslu á að meginhlutverk LÍN sé að tryggja jafnrétti til náms burtséð frá efnahagslegu baklandi viðkomandi. Í fyrsta skipti í sögu LÍN geta lánþegar nú sótt um skólagjaldalán vegna sérnáms eða grunnháskólanáms erlendis. Þetta er tímamótaskref í lánasjóðsmálum og veitir háskólum á Íslandi aukið samkeppnisumhverfi. Í kjölfarið þurfa násmenn ekki lengur að taka markaðslán viðskiptabankanna til þess að fjármagna skólagöngu sína erlendis, viðkomandi námsmönnum til mikillar ánægju. Stórt skref var stigið í kjarabaráttu stúdenta þann 2. maí og má það þakka góðu samstarfi násmannahreyfinganna (BÍSN, INSÍ, SÍNE og SHÍ) og meirihluta stjórnar LÍN. En samningarnir skiluðu sér vissulega í bættum kjörum násmanna.

Hafa ber þó í huga að enn mætti grunnframfærslan ekki raunverulegum framfærslukostnaði násmanna og því er það verkefni næstu ríkisstjórnar að sjá um að svo verði.

Höfundur er varaformaður Stúdentaráðs HÍ og fulltrúi násmanna í stjórn LÍN.

Iceland Express auglýsir reglulega ferðir úr heita pottinum. Þetta eru ódýrar afgangferðir til áfangastaða flugfélagsins sem eru auglýstar með stuttum fyrirvara. Sem dæmi er hægt að komast til London fyrir tæpar sjö þúsund krónur. Ferðirnar í heita pottinum eru alltaf bara aðra leiðina og er verðið auglýst með sköttum. www.icelandexpress.is

Í Háskólabíói standa yfir sýningar á ferða-stuttmyndum. Myndirnar taka fyrir afrek og ævintýri innan fjallamennsku, snjó-bretta- og fjallahjólamennsku, klífurs, kajaksiglinga, „base jumping“ og fleira. Myndirnar eiga það sameiginlegt að fjalla um samspil einstaklingsins og náttúrunnar þar sem adrenalin og góð skemmtun eru sjaldan fjarri.

Sparaksturskeppni FÍB og Atlantsólú stendur nú yfir. Í fyrri hluta keppinnar taka eingöngu bílaumboð þátt. Í síðari hluta keppinnar er öllum frjálst að taka þátt á eigin bíl. Keppnisleiðin er sú sama og var ekin í fyrra, úr Reykjavík um Mosfellsheiði og Grafning að Nesjavöllum og Ljósafossi. Þaðan liggur leiðin á Sel-foss suður að Eyrarbakka, yfir Óseyrarbrú, um Prengslin og aftur til Reykjavíkur. www.fib.is

allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL. **FRÉTTABLAÐIÐ**

Kung Fu
fyrir alla

Kennari:
Meistari Zhang
einkatímar og hópatímar

Skráning er hafin

Tai lo

Tai ji

DREKINN
WUSHU FÉLAG REYKJAVÍK
Skeifunni 3j · Sími 553 8282
www.heilsudrekinn.is



Þorgrímur Kristjánsson og Þuríður Þórðardóttir reka hótelið Skihotel Speiereck í Ölpunum, en árlega leggur fjöldi Íslendinga leið sína þangað á vegum ferðaskrifstofunnar Heimsferða.

Falin perla í Ölpunum

Hjónin Þorgrímur Kristjánsson og Þuríður Þórðardóttir reka hótelið í Ölpunum.

„Hótelið kallast Skihotel Speiereck og er í litlu fjallahöppu, Sankt Michael, 100 km suður af Salzburg. Við erum á Alpahryggnum í sól-rikasta hluta Austurríkis,“ útskýrir annar eigendanna, Þorgrímur Kristjánsson, hress í símann og bætir við að náttúrufegurðin sé engu lík, þar sem fjöllin gnæfi beggja megin við hótelið og allt sé í blóma á sumrin.

Að sögn Þorgríms er hótelið átján herbergja og í svokölluðum rustik-stíl, sem er gamaldags Alpastíll og einkennist af miklum tréútskurði. Hann segir hótelið býið öllum helstu nútímapægindum, þar á meðal saunu, líkamsræktarherbergi og ljósabekk



Mikil náttúrufegurð er í kringum hótelið og hægt að finna sér ýmislegt til dægurstyttingar. Hægt er að fræðast nánar um hótelið á www.skihotel-speiereck.at.

og stórum veitingasal með útsýni suður yfir fjöllin, sem eru sum allt að 2.500 metra há.

„Hótelgestirnir þurfa síðan ekki að hafa áhyggjur af því að leiðast,“ segir Þorgrímur. „Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Hér eru frábærar gönguleiðir

og hægt að leigja sér fjallahjól. Fólk getur alltaf haft viðkomu í veitingaskálum, sem eru allt um kring, og fengið sér hressingu. Hér fást heimagerðar gúlassúpur, ostar, pylsur og speck, sem er vindþurkkað svína- og nautakjöt. Þá er hægt að fara í útreiðatúra, river-rafting, fjallaklifur og golf. Svo er sjóskiða- og seglbrettaleiga í hálf tíma akstursfjarlægð. Svæðið breytist síðan í skíðaparadis á veturna.“

Þorgrímur segir að ef um stóra hópa sé að ræða, tuttuðu manns og fleiri, þá sé heljarinnar veislu slegið upp meðan á dvölinni stendur. „Við bjóðum upp á heilt grillað svín, sem er borið fram á bretti skreytt stjörnuljósum.“

Eftir mat heldur austurrísk tírólahljómsveit uppi fjörinu. Allt er gert til að gestunum líði sem best.“

roald@frettabladid.is

NÝJAR VÖRUR



Jakkar

Stuttkápur

Sumarúlpur

TOPP HÚSIÐ

Mörkinni 6, Sími 588-5518

Opíð virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 10-16

Náðu forskoti með okkur í sumar!

“Ég sexfaldaði lestrarhraða minn á 3 vikum! Frábært!”

Guðjón Bergmann, 34 ára rithöfundur, fyrrlesari og jógakennari.

“Ykkur að þakka mun ég rúlla upp samræmdu prófunum.”

Jökull Torfason, 15 ára nemi.

“Þetta mun nýtast mér alla ævi.”

Jóhanna Helga, 15 ára grunnskólanemi.

“Snilldarnámskeið.com skemmtilega á óvart hversu miklum hraða ég náði.”

Guðbjörg Jónsdóttir, 40 ára Framhaldsskólakennari.

“...á eftir að spara mér hellings tíma af námsbókalestri.”

Ragna Björk Ólafsdóttir, 17 ára nemi og golfari.

“Loksins sé ég fram á það að geta klárað lesbækur fyrir próf”

Elin Björk Jónsdóttir, 15 ára nemi.

Skráning á sumarnámskeið Hraðlestrarskólans er hafin á www.h.is og í síma **586-9400**

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviþyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.





Þýskar álkerrur fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leiðð upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.

N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur viðgerðir - sala hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

TÓMSTUNDAHÚSÍÐ

Hin árlega Savage torfæra, keppni fjarstýrðra bensíntrúka, verður haldin fimmtudaginn 17. maí á athafnasvæði Gædamoldar í Gufunesi, Grafarvogi. Mæting keppenda er kl 10:00, skráning er á staðnum. Frekari upplýsingar eru í Tómsundahúsinu, Nethyl 2, sími 587 0600, www.tomstundahusid.is .

REYNSLUAKSTUR

BMW X5 er með stífari fjöðrun en flestir jeppar. Þetta gerir hann að mun skemmtilegra ökutæki.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Mælaborðið í X5 er eins konar blanda þess sem er í fimmunni og ásnúm.



X5 hefur stækkað milli kynslóða.

Mikill verður meiri

BMW X5 er afar skemmtilegur bíll. Hann hefur stækkað en þrátt fyrir það er hann enn mjög lipur.

Það er ekki oft sem fyrirtæki hefur svo mikla trú á vöru sinni að það setur hana í sama flokk og nýja símfóniú eftir Mozart. BMW gerir hins vegar nákvæmlega það með nýja kynslóð X5 jeppans.

X5 er fullvaxinn jeppi. Hann hefur meira að segja stækkað milli kynslóða. Þrátt fyrir það er hann ótrúlega lipur og í raun furðulegt hvernig hægt er að láta svo stóran bíl leika svo vel í höndunum á öikumanni. X5 er þó ekki léttur í stýri í hefðbundnum skilningi en eins og fyrir einhverja töfra lætur hann svo vel að stjórn að stærðin gleymist fljótt.

BMW hefur löngum verið í fremstu víglínu er kemur að díslvélum og þriggja lítra línusexan í X5 er engin undantekning. 235 hestöfl og 520 Nm tog segja alla söguna og það á frekar hljóðlátan hátt. Til að hafa hemil á

BMW X5
Vél: 3.0 lítra dísil
235 hÖ / 520 Nm
Þyngd: 2.180 kg
Meðaleyðsla: 8,7 l/100 km
Verð prufubíls: 7.300.000 kr
Verð frá: 6.750.000 kr
Plús:
Kraftmikill
Lipur
Mínus:
Gírstöng
Enginn Mozart

öllu þessu afli hefur BMW troðið öllum mögulegum og ómögulegum stöðugleikakerfum í bílinn. Þau gera sitt gagn og eru í raun nauðsynleg. Ekki ýta á takann sem slekkur á stöðugleikastýringunni. Hann virkar svipað og stóri rauði takinn í bíl James Bond. Þá gerist eitthvað rosalega skemmtilegt en svo springur eitthvað. X5 er einkar laglegur á að líta.

Algengt er að fara þá leið með jeppa að gera þá kraftmikla í útliti og útblásna en ekki X5. Hann er rennilegur og stílhreinn, fágæður, hreinn og beinn.

Búið er að hanna mælaborðið upp á nýtt í stíl við hönnunarlinu BMW. Útlit farþegarýmis og mælaborðsins verður að teljast helsti löstur X5. Nettir mælarnir passa illa við ímynd X5 og eiga mun frekar heima í BMW ás (enda eru mælarnir nánast eins þar). Rafræna stýring sjálfskiptingarinnar dró líka úr jeppatilfinningunni og þrátt fyrir að vera mjög þægileg passaði hún einfaldlega ekki við heildarmyndina.

Það verður að teljast hæpið að fólk muni enn dást að X5 árgerð 2008 árið 2208 eins og við dæmst enn að Mozart. En í dag er hann eitt áhugaverðasta ökutækið sem hægt er að setjast undir stýrið á. Væri Mozart uppi á okkar tíma myndi hann án efa keyra um á X5 með allar rúður niðri og Don Giovanni í botni.

tryggvi@frettabladid.is

HEILDARLAUSNIR Í DRIFSKÖFTUM

Landsins mesta úrval af hjöruliðum og drifskafsvörum
Jafnvægisstillingar

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

KERRUR
FRÁ AÐEINS 29.990 KR.
ÓTRÚLEGT ÚRVAL AF KERRUM!

FYRIR:
HEIMILIÐ
FYRIRTÆKIÐ
ÁHUGAMÁLIN

FRÍR FLUTNINGUR TIL REYKJAVÍKUR (EINU SINNI Í VIKU).

DEKKJAHÖLLIN
DEKKJAHÖLLIN • EGISSTÖÐUR • AKUREYRI

DRAPNISGÖTU 5, AKUREYRI S. 462 3002
ÞVERKLETTUM 1, EGISSTÖÐUM S. 471 2002

Smurþjónusta fyrir allar gerðir bíla

Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!

Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!

SMURSTÖÐIN
„Sá smurði gengur“
STÓRAHJALLA
S. 554 3430

Sendum frítt um land allt!

Felgustærðir: 15", 16" og 17"
Úrval jeppadekkja upp í 38"

JEPPADEKK.is

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-22

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8-18
UM HELGAR 11-16

BÍLAR & FARARTÆKI



Nýr Mazda CX-9 3.5L V6 263 hestöfl, 7 manna lúxus sportjeppi. Komdu í reynsluakstur í dag.



Frumskýnum 2008 Mazda Tribute nýtt og breytt útlit með meiri staðalb. en áður. Komdu í reynsluakstur í dag.

X4 ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 565 2500



Porsche Cayenne S, árg. 2004, ek. 64 þús. km, Verð aðeins 5990 þús. kr, Verð áður 6890 þús. kr.

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-19 og laugardaga 12-17
www.100bilar.is



SJÁLFSKIPTUR SUZUKI SWIFT GL árg. 9/2005 ek. 18 þ.km Ásett 1.590 þ. Flott Eintak.

Heimsbílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 4000
Sjá fleiri myndir á www.heimsbilar.is Til sýnis og sölu á Heimsbílum kletthálsi 2 S: 567-4000
www.heimsbilar.is

Bílar til sölu



Toyota D/C '96 ek. 198 þ. 38" breyttur m/gormafjöðrun að aftan og aukatank. Nýsk. án atthagasemda. Ástand og útlit fremur gott. Uppl. í s. 892 1713.



Toyota Highlander á Lexus RX400 grunni. 268 hð. 7,5L/100km! 2006 frá 3.790 þús. Nýr 2007 frá 4.390 þús. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com



Til sölu BMW 540IA. Árg. '99. Ssk. Ek. 151 þús. Verð 2,3m. Ath. skipti ódýrari. Sími 868 8565.



Kínversk hjól

Nú seljum við það 90cc litla á aðeins 99.900,- aðeins 3 stk. Vespurnar 50cc, svartar, rauðar, bláar og silfurlitar aðeins 149.900,- og bara 3 stk. Þessi 200cc á aðeins 179.900,- Uppl. í s. 895 7272.



Toyota 4Runner árg 90 V6 38" breyttur á 35" dekkjum 5 girja fjækjur lúga til uppgerðar eða í parta verð 120.000 uppl. í s. 8617600.



M Benz C200 ST. Árg. '00. Ek. 141 þ. Ssk. vst, topplúga, central, álfelgur. V. + S. dekk, dráttarbeisli. Uppl. í s. 893 5600.



Glæsilegur FORD EXPLORER Jeppi 2005 ekin 12.000 km. Mikið af aukabúnaði. 4015 cc. slagrymi, Sjálfskipting, 210 hestöfl, Fjór hjóladrif, 2087kg. ABS hemlar, ASR spólvörn, Dráttarbeisli, ESstöðugleikakerfi, Geislaspilari, Hiti í sætum, Leðuráklæði, Vindskeld/spoiler, Vökvastýri. VERÐ 3.870,- (Nýr 4.750,-) Uppl. Sími: 661-4153



Saab 95. Árg. '00. Ek. 73 þús. Verð. 1,2 millj. Uppl. í s. 554 2065 & 849 2098.



Jeep Cherokee Limited 5.7 Hemi árg. '05 Ek. 25 þ km m/lúgu, DVD, Navigator, bakskynjaria of. l. verð 4.2 millj. Uppl. í s. 894 2097.



Toyota Previa árg. '05. Ek. 32þ. Filmur, beisli. Verð 2.950þ. Uppl. í s. 862 5901 & 554 4946.



Nissan Almera '96, sjálfsk, ek. 138þ, fallegur og góður bíll, verð 150 þús. Uppl. í s. 848 4501.



KIA GRAND SPORTAGE, árg'99 ek. 122. þús. sk.'08. Verð 270. þús. Uppl. í s. 867 3022.



Toyota Yaris. Vel með farin Yaris, árg. '06. Ek. 13 þús. Uppl. í s. 896 1112.



BENNI HEMM HEMM Hljómsveitin Benni Hemm Hemm spilar á Morr-tónleikakvöldinu í Iðná.

Erlendar sveitir á Morr-tónleikum

Um næstu mánaðamót koma hingað til lands þrjár erlendar hljómsveitir á vegum þýska útgáfufyrirtækisins Morr Music. Sveitirnar, Isan, Tarwater og The Go Find, spila á tónleikum ásamt tveimur íslenskum hljómsveitum sem einnig eru á mála hjá Morr, Benna Hemm Hemm og Seabear.

Sameiginlegir tónleikar Morr-sveitanna fara fram í Iðná þriðjudaginn 5. júní. Það verða svo Thomas Morr, stofnandi Morr Music-útgáfunnar og DJ Apfelblut sem snúa skífum á milli atriða.

Í tengslum við tónleikana hér á Íslandi verður gefin út plata í um 200 eintökum hérlendis sem inniheldur lög með öllum listamönnum sem taka þátt í þeim. Benni Hemm Hemm á þar tvö lög, lagið Aldrei sem áður kom út á plötu hans Kajak, og lagið Skvavars í nýrri útgáfu. Hljómsveitin The Go Find á tvö áður óútgefin lög, Ice Bear og Pavement-ábreiðuna Perfume V. Tarwater á einnig tvö ný lög á plötunni og Re-spring My Sing Reverse er endurhljóðblöndun Isan á múm-lagi. Nýjasti meðlimur Morr-fjölskyldunnar, hinn íslenski Seabear, á tvö lög á plötunni.

Forsala er hafin á tónleikana í Iðná í 12 tónum og kostar miðinn þar 1.700 kr. en mun kosta 2000 kr. á tónleikastað.

Klisjukenndur rokkgrautur

Alls hafa þrjú lög með hinni efnilegu Wulfgang fengið útvarpsspilun. Að mínu mati hafa þau aldrei gefið neitt til kynna annað en að sveitin hafi örlítið fram að færa en lítið meira en það. Annað efni á plötunni gefur manni heldur ekki ástæðu til þess að hampa Wulfgang á neinn sérstakan hátt.

Lögin á plötunni sveima í klisjukenndum graut ófrumlegra hugmynda sem eru illa framsett. Í sífellu er verið að reyna að brjóta upp formið með fjölbreyttum kaflaskiptingum sem eru oft óþolandi tilgangslausar. Og ekki afsaka þetta með því að segja að þetta sé einfaldlega þróað og flókið rokk. Hér eru vissulega gerðar tilraunir til slíks en ekki með tilskildum árangri. Hlustið einfaldlega á ófrumlegar gítarpælingar í byrjun á Arrivals of the Visitors og síðan At the Drive-in/Metallica grautinn sem á eftir kemur.

Platan er fjórskipt og er viðfangsefnið hin eilíft frumlegu þemu; lífið, dauðinn, ástin og allir þessir hlutir „sem eru að hrærast í hausnum á fólki alla daga“, eins og það var orðað í nýlegu viðtali. Textarnir eru líka ákveðið viðfangsefni útaf fyrir sig í ófrumleika og klisjum. „Ashes II ashes and dust II dust/The only words that you can trust/Passion II passion and lust II lust/You and I, we both are crushed ... [og bomban!] to dust.“

Mind, söngvari sveitarinnar, býr reyndar yfir kröftugri og sérstæðri rödd en beitir henni stundum á vafasaman og pirrandi hátt. Eins eru gítarleikarnir, Ikarus og Arrows (ég er ekkert að grínast með þessi heiti, þeir kalla sig þetta í alvörunni. Þarna eru líka Bobby Vegas og David Jones), oft í ágætis hugleiðingum en missa oft sjónar á markmiðinu.

Vandað hefur hins vegar verið til verksins, platan má eiga það. Grafísk hönnun umslagsins er til fyrirmyndar og öll hljóðvinnsla fyrirtaks. Verst að inntakið þurfi að sigla um í öldudal rokkklisja, oft algjörlega stefnulaust og



TÓNLIST

Wulfgang
Wulfgang

★★

Tilraun til þess að takast á við flóknar lagapælingar og framþróað rokk mistekst hálf hrappallega.

..... nær því miður aldrei að rísa yfir meðalmennskuna.

Steinþór Helgi Arnsteinsson

Skrapp út

Franski leikarinn og atvinnuþróðurinn Julien Cottereau sem fer með eitt af veigamestu hlutverkunum í nýjustu mynd Sólveigar Anspach, Skrapp út, hlaut á dögum frönsku leiklistarverðlaunin sem kennd eru við Molière. Var Cottereau valin vonarstjarna ársins í flokki karleikara fyrir stórkostlegan trúðseinleik sinn „Imagine-toi“ en í umsögn dómnefndar kom fram að hann byggi yfir ótrúlegum „sýningar-hæfileikum“.

Cottereau „skrapp út“ til Frakklands til að taka við verðlaununum en er væntanlegur aftur til landsins í **FRANSKA VONARVIKUNNI** til að taka við klára tölur á Julien Cottereau hrifur myndinni.



- khh FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

xelenta

Gjafavörur
Steinljós
Kristallljós
Marmarastyttur
Bronsstyttur
Tréstyttur

Skeifan 7 - Reykjavík
Sími: 553 2882

À la carte postulín

Nú fæst nýja Alizée-stellið frá Pillivuyt líka á Íslandi

Halldór Sigdórsson
Þjónn, aðstoðarverslunarstjóri hjá RV

Óhefðbundin hönnun
Skemmtilegt í framreiðslu

Nýi pillenium-leirinn gefur postulíninu aukíð högg- og hitaþol

Opnar nýjar víddir í veitingaþjónustu.

25 Rekstrarvörur
ára 1982-2007

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

> Bestu dómarnir

Peir Jóhannes Valgeirsson og Magnús Þórisson voru þeir einu af öllum dómurum og reyndar leikmönnum líka sem fengu 8 í einkunn fyrir frammistöðu sína.

> Bestu ummælin

Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA, sagði að sínir menn hefðu sýnt fram á veikleika FH-liðsins eftir 3-2 tap fyrir Íslandsmeisturinum á heimavelli. „Veikleikar eru í varnarstöðunni hjá þeim. Það sást berlega á því að við skorum tvö mörk hjá þeim. Þeir voru jafnvel heppnir að fá ekki á sig jöfnunarmarkið.“ Bætti hann svo við að önnur lið gætu fært sér sýnda veikleika í nyt.

sport
sport@frettabladid.is



1. UMFERÐ ÍSLANDSMÓTS KARLA: FH-INGAR TRÓNA ENN Á TOPPI DEILDARINNAR

Björgólfur bjargaði toppsætinu

Í lok hveirar umferðar í efstu deild Íslandsmóts karla mun Fréttablaðið gera upp líðna umferð með þeim hætti sem sést nú.

Það sem stendur uppi eftir þessa fyrstu umferð er án efa sú staða að FH heldur toppsætinu í deildinni, 45. umferðina í röð. Þeir hafa ekki látið toppsætið af hendi síðan þeir hrifsuðu það af Fylkismönnum í júlímánuði 2004.

Sérstaklega athyglisvert er að nú, þriðja tímabilið í röð, nær FH toppsæti deildarinnar strax eftir fyrstu umferðina. Það leit reyndar út fyrir að Keflavík ætlaði að tylla sér á toppinn með 2-0 sigri á KR en Björgólfur Takefusa minnk- aði muninn fyrir sína menn skömmu fyrir leiklok.

Þar með hélt FH sér á toppnum í 45. sinn í röð með fleiri skor-

uðum mörkum en bæði Keflavík og Fylkir. Þetta er vitanlega met. Gamla metið var sett á tíunda áratugnum á gullaldartíð ÍA. En sá árangur hefur nú verið um það bil þrefaldaður af FH. Ef þeir láta efsta sætið nokkru sinni af hendi er víst að metið mun standa um ókomna tíð.



TÖLURNAR TALA

Flest skot: Valur 19
Hittu rammann oftast: FH 9
Fæst skot: Keflavík 6
Besta skotnýting: Keflavík 33%
Hæsta meðaleinkunn: HK 5,83
Lægsta meðaleinkunn: Fylkir 4,67
Grófasta liðið: Fylkir 28 brot
Prúðasta liðið: Breiðablik 5 brot

Fjöldi áhorfenda: 6.950
Tæplega sjö þúsund manns komu á leiki í 1. umferð deildarinnar í ár. Er það önnur minnst sóttu opunar-umferðin á síðastliðnum sex tímabilum og klárlega vonbrigði fyrir knattspyrnuforystuna. Fyrsta umferðin er alltaf vinsæl og mun það væntanlega koma í ljós í næstu umferðum hvað áhuginn er mikill í raun og veru.

OPNA BLÁA LÓNS MÓTIÐ

Laugardaginn 19. maí 2007

Hámarks forgjöf karlar 24, konur 28.

Þrjár keppnir í einu móti. Keppendur geta valið um punktkeppni, höggleik með forgjöf eða höggleik án forgjafar. Keppendur ákveða í hvaða keppni þeir spila áður en leikur hefst, en þeir geta spilað í fleiri en einni keppni í sama hringnum og unnið til verðlauna í öllum keppnum.

Verðlaun: í öllum flokkum

1. sæti: Flugfarseðill fyrir tvo með Ícelandair til Evrópu.
2. sæti: Flugfarseðill fyrir einn með Ícelandair til Evrópu.
3. sæti: Vöruúttekt

Aukaverðlaun:

Nándarverðlaun á 3., 8. og 13. braut: Vöruúttekt.
Nándarverðlaun á 16. braut: Flugfarseðill fyrir einn með Ícelandair til Evrópu

Allir verðlaunahafar fá gjafaöskju frá Bláa Lóninu.

Alla keppendur fá teiggjafir.

Keppnisgjald: fyrir eina keppni kr. 3.000,-
fyrir tvær kr. 4.000,-
fyrir allar kr. 5.000,-

Ræst verður út kl. 7:00–15:00. Skráning á golf.is og í síma 421 4103



Sýnist öll lið hafa bætt sig

FH-ingurinn Matthías Guðmundsson er leikmaður 1. umferðar Íslandsmótsins í knattspyrnu að mati Fréttablaðsins. Hann skoraði eitt mark í 3-2 sigri FH á ÍA.

FÓTBOLTI Eins og venja er orðin frá fyrri Íslandsmótum mun Fréttablaðið standa fyrir vali á liði og leikmanni hveirar umferðar að henni lokinni. Í þetta sinn varð Matthías Guðmundsson, sóknarmaður FH, fyrir valinu. Hann skoraði eitt mark FH í 3-2 sigri liðsins á ÍA á útivelli í opunarleik mótsins.

„Þetta var mjög góður sigur og erum við í skýjunum með þetta enda ekki hvaða lið sem er sem sækir sigur á Skagann,“ sagði Matthías.

Leikurinn fór fram í miklu roki en það virtist ekki koma niður á leiknum þar sem fimm mörk litu dagsins ljós. „Aðstæður voru erfiðar en ætli við séum ekki orðnir vanir þessu. Þetta var fimmti leikurinn í röð sem við spilum í miklu roki eftir vorleikina,“ sagði hann.

Hann segir það hafa verið gott fyrir sjálfstraustið að skora í sínum fyrsta deildarleik með nýju félagi. „Annars hefur mér verið afar vel tekið í FH og mér líður mjög vel þar. Þetta er flottur klúbbur með góðum leikmönnum. Boltinn sem liðið spilar hentar mér mjög vel. Mér hefur þó gengið upp og ofan á undirbúningstímabilinu og átt dapra leiki og góða. Það er ekki síst þess vegna sem ég er ánægður með að það gekk vel í fyrsta leik.“



MATTHÍAS GUÐMUNDSSON Hér í hörkubaráttu í fyrsta leik FH á tímabilinu, gegn ÍA á útivelli.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


FH var spáð titlinum í öllum spám sem birtust fyrir mótið. Matthías segist þó ekki finna fyrir neinum sérstökum þrýstingi. „Allir búast við því að við séum mjög sterkir og eigum að vinna alla leiki. Ég velti þessu ekki mikið fyrir mér og reyni frekar að gera allt sem í mínu valdi stendur til að vinna leikinn.“

FH fer til Keflavíkur á sunnudagskvöldið og er um toppslag að ræða því bæði liðin, ásamt Fylki, unnu sína leik í fyrstu umferð-

inni. Það er einnig hætt við því að leikið verður í roki, rétt eins og uppi á Skaga. Slíkt er algengt í Keflavík.

„Þetta verður hörkuleikur og Keflvíkingar sýndu að þeir eru með sterkt lið með því að vinna KR á útivelli. Eftir að hafa litið á leikina í fyrstu umferðinni sýnist mér að öll lið líti mjög vel út og séu öll betri en þau voru í fyrra. Það er ljóst að hver einasti leikur verður erfiður. Það er klisja að segja það en engu að síður satt.“

eirirur@frettabladid.is



ATH: Opið á morgun, Uppstigningardag frá 13-17

25% afsláttur
af öllum golfskóm 16.-20. maí

NEVER UNDERESTIMATE THE POWER OF COMFORT



ECCO Kringlunni - 553 8050



LANGPRÁÐ FRÍ Eina hlutverk Vals í körfuboltanum næsta vetur verður að fylgjast með af pöllum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Valur Ingimundarson tekur sér frí frá körfuboltanum:

Komið gott í bili eftir 28 ár í úrvalsdeildinni

KÖRFUBOLTI Valur Ingimundarson hefur ákveðið að taka sér frí frá þjálfun. Fríið er langþráð hjá Vali sem hefur verið viðriðinn körfuboltann lengi en nú síðast þjálfaði hann lið Skallagríms sem leitar nú að nýjum þjálfara.

„Ég byrjaði að þjálfra fyrir 21 ári og er búinn að vera í meistara-flokki í 28 ár í röð. Það er því kominn tími á smá frí,“ sagði Valur við Fréttablaðið í gær.

„Ég spái bara í því hvað ég geri í haust þegar að því kemur. Eina

hlutverkið mitt í körfunni næsta vetur verður bara að sitja á bekkjunum og horfa á. Það er ekkert sem kallar á mig að halda áfram eins og staðan er núna,“ sagði Valur jafnframt. Þó er ekki öll nótt úti enn að hann snúi til baka eftir fríið.

„Ég er ekki alfarið hættur. Ég ætla allavega að taka mér ársfrí og sjá svo til hvort mig langi aftur í þetta, það kemur alveg til greina,“ sagði Valur Ingimundarson.

- hþh

Dimitar Karadzovski:

Kominn í Stjórnuna

KÖRFUBOLTI Dimitar Karadzovski hefur skrifað undir tveggja ára samning við nýliða Stjórnunnar í úrvalsdeild karla í körfubolta. Hann kemur úr röðum Skallagríms.

„Þetta er mikill styrkur fyrir okkur. Þetta er alvöru skotbakvörður sem er búinn að sanna sig í deildinni hér heima í tvö ár. Við ætlum okkur í úrslitakeppnina og ekkert annað,“ sagði Bragi Magnússon, þjálfari Stjórnunnar, við Fréttablaðið í gær.

„Við ætlum okkur í úrslitakeppnina og ekkert annað. Það er yfirlýst markmið hjá okkur. Við ætlum að taka þetta af fullri alvöru, bæta við okkur fleiri mönnum og leggja allt kapp á að gera gott mót,“ sagði Bragi.

- hþh

Egill Jónasson:

Á förum frá Njarðvík?

KÖRFUBOLTI Miðherjinn Egill Jónasson gæti verið á förum frá Njarðvík. Egill sagði við Fréttablaðið í gær að hann væri í viðræðum við þrjú til fjögur önnur lið á Íslandi en hann sé einnig að skoða möguleika á því að spila í Evrópu á næsta tímabili.

- hþh



allir litir náttúrunnar eru okkar litir

VIÐAR á tréverkið úti, þekur og ver
...viðarvörn í hæsta gæðaflokki fyrir norðlægar slóðir



Viðar-línan er sérstaklega framleidd til að standast álag vegna veðurfars á norðlægum slóðum.

Viðarvörnin er létt í vinnslu, flýtur vel og myndar þekjandi filmu án þess að viðarmynstrið tapist. Vatnsfráhrindandi og veðurþolin filma sem hentar íslenskum aðstæðum sérstaklega vel.

Viðar er til í fjölda litbrigða en þegar kemur að því að velja draumalitinn þarf að hafa í huga að ekki er hægt að velja hvaða lit sem er því litir eru misjafnlega viðkvæmir fyrir sólarljósinu.

Komið og leitið ráða hjá sérfræðingum okkar eða fáid góð ráð og lausnir á heimasíðunni, www.slippfelag.is.



MICHELLE PFEIFFER

Michelle sigraði í fegurðar-samkeppni Orange-sýslu tvi-tug að aldri og fór að birtast í auglýsingum upp úr því. Fimm árum síðar lék hún á móti Al Pacino í Scarface og hafði þar með fangað athygli almennings. Á níunda og tíunda áratugnum lék Michelle í fjölda-öllum af vinsælum myndum, þar á meðal Dangerous Minds sem sýnd er á Stöð 2 kl. 22.25.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FYLGDIST MEÐ OFVIRKRI EUROVISION-KEPPNI

Svekkelsi og söknuður í Helsinki

Það var frekar undarleg upplifun að horfa á hina nýafstöðnu Eurovision-keppni. Það vantaði reyndar ekki glæsilegheit og ljóst að gestgjafarnir í Helsinki höfðu ekkert til sparað til að gera keppnina sem flottasta fyrir augað. Á úrslitakvöldinu var það síðan ánægjuleg frampróun að telja bara upp þær þjóðir sem fengu flest stigin í stað þess að þylja upp allar þjóðirnar sem fengu stig, eins tímafrest og það nú var.

Vandamálið við keppnina, fyrir utan þá staðreynd að þjóðir eru gjarnar á að kjósa nágrannabjóðir sínar, er samt að lögin sjálf eru ekki lengur í forgunnum. Núna snúast hlutirnir um að bjóða upp á sem flottust dans- eða leikatriði með tilheyrandi sprengingum og látum, allt til að fanga athygli áhorfands. Er þetta mikið í anda tónlistarmyndbanda nútímans þar sem hraðinn er aðalatriðið. „Mér finnst gaman að hlusta á tónlist, ekki horfa á hana.



MARIJA ŠERIFOVIĆ Marija hefur óskað eftir alvöru söngvakeppni á næsta ári.

Ég vona að þetta verði söngvakeppni á nýjan leik í Belgrad á næsta ári,” sagði serbneski sigurvegarinn Marija Šerifović um keppnina í ár og eru það orð að sönnu.

Vissulega voru sum atriðin í Helsinki vel heppnuð og grafikin sem var varpað upp á skjái fyrir aftan keppendur leit oft á tíðum vel út. Maður saknaði samt dálítið gömlu góðu Eurovision þar sem lögin voru einföld og melódísk og keppendurnir ekki eins ofvirkir og þeir eru núna. Einnig minnst maður þeirra tíma þegar ein hljómsveit spilaði öll lögin undir dyggri leiðsögn hljómsveitarstjóra. Eins hallærislegt og það kannski er í dag er það samt skárna en að horfa á þessa karóíkíkeppni sem nú er í gangi. Mest saknaði maður þó að samtalið væri í den. Vonandi á það eftir að breytast.

EKKI MISSA AF



► **21.35 Nýgræðingar**
SJÓNVARPIÐ



► **20.05 Oprah** STÖÐ 2



► **18.00 Must Love Dogs**
STÖÐ 2 BÍÓ



► **20.20 American Inventor**
SIRKUS



► **21.00 America's Next Top Model**
SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

- 17.05 Leiðarljós
- 17.50 Táknálfur
- 18.00 Disneystundin
- 18.01 Alvöru dreki (9:19)
- 18.23 Síðildar teiknimyndir (34:42)
- 18.30 Suðandi stuð (14:21)
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.20 Ljóta Betty (14:22) Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tiskutímarit í New York.
- 21.00 Skemmtipáttur Catherine Tate (6:6)
- 21.35 Nýgræðingar
- 22.00 Tíufréttir
- 22.25 Arve Tellefsen - Snillingur og gleðigjafi Þáttur um norska fjölusnillinginn Arve Tellefsen sem oft hefur farið óhefðbundnar leiðir í tónlistarskópun sinni. Í myndinni leikur hann meðal annars fjölkonsert Sibeliusar með Sinfóníuhljómsveitinni í Þrándheimi.
- 23.15 Mótorsport
- 23.45 Gasolin' Heimildarmynd eftir Anders Østergård um vinsælustu rokkhljómsveit Dana fyrr og síðar, Gasolin', þar sem Kim Larsen söng og spilaði á gítar á sínum tíma. e.

- 01.15 Kastljós
- 02.00 Dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 06.00 Without a Paddle
- 08.00 The Five Senses
- 10.00 The Full Monty
- 12.00 Must Love Dogs
- 14.00 The Five Senses
- 16.00 The Full Monty
- 18.00 Must Love Dogs
- 20.00 Without a Paddle
- 22.00 Dirty Deeds Glæpamynd á léttu nótonum. Aðalhlutverk: Bryan Brown, Toni Collette, John Goodman, Sam Neill. Stranglega bönnuð börnum.
- 00.00 Everybody's Doing It
- 02.00 Edge of Madness
- 04.00 Dirty Deeds



- 07.20 Batman
- 07.40 Myrkfælnu draugarnir
- 08.05 Oprah
- 08.50 Í fínu formi 2005
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.25 Forboðin fegurð (50:114)
- 10.10 Numbers (12:24)
- 11.05 Fresh Prince of Bel Air 4
- 11.30 Man's Work (10:15)
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.45 Nágrannar
- 13.10 Life on Mars (3:8)
- 14.05 Osbournes (10:10) (e)
- 14.40 Í sjöunda himni með Hemma Gunn
- 15.50 Smá skritnir foreldrar
- 16.13 Stubbarnir
- 16.38 Pocoyo
- 16.48 Kalli og Lóla
- 17.03 Könnuðurinn Dóra
- 17.28 Bold and the Beautiful
- 17.53 Nágrannar
- 18.18 Ísland í dag og veður
- 18.30 Fréttir
- 18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður
- 19.40 The Simpsons (2:22)
- 20.05 Oprah (Ask Dr. Oz) Uppáhaldslæknir Oprah svarar spurningum um botox, tannhvíttun, appelsínuhúð og allt annað sem brennur á vörum áhorfenda.
- 20.50 Strictly Confidential (5:6) Ný bresk smásæra um kynlífsráðgjafa sem tekst á við kynlífsvandamál ókunnugra. Bönnuð börnum.
- 21.40 Medium (14:22) Alison Dubois býr yfir harla óvenjulegum, yfirnáttúrulegum hæfileikum sem gera henni kleift að sjá og eiga samskipti við hina framliðnu. Bönnuð börnum.
- 22.25 Dangerous Minds Myndin fjallar um Lou Anne Johnson sem snýr baki við álitteigum ferli í hemum og lætur draum sinn um að verða enskukennari rætast.
- 00.00 Grey's Anatomy (21:25)
- 00.45 My House in Umbria
- 02.25 Full Disclosure
- 04.00 Medium (9:22)
- 04.45 Strictly Confidential (5:6)
- 05.30 Fréttir og Ísland í dag
- 06.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SIRKUS TV

- 18.00 Insider Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einka-viðtöl, nýjustu upplýsingar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight.
- 18.30 Fréttir
- 19.00 Ísland í dag
- 19.30 Entertainment Tonight
- 19.55 Daisy Does America (2:8) (e) Í þáttunum um Daisy ferðast breska gamanleikkonan Daisy Donovan um Bandaríkin í þeim tilgangi að uppfylla ameríska drauminn og tileinka sér hina undarlegustu síði Bandaríkjamanna.
- 20.20 American Inventor (8:15) Í American Inventor er leitað eftir nýjum uppfinningum sem gætu slegið í gegn. Verðandi uppfinningamenn víðsvegar um Bandaríkin fá nú tækifæri á að kynna uppfinningu sína og nokkrir útváldir fá pening til að próva hana. Að lokum mun einn heppinn uppfinningamaður stana uppi sem sigurvegari og fær hann eina milljón dollara í vasann. Þættirnir koma frá höfundum American Idol og sjálfum Simon Cowell.
- 21.10 Supernatural (14:22) Spennuþættirnir vinsælu Supernatural snúa aftur á skjáinn. Bræðurnir Sam og Dean halda áfram að berjast gegn öllum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn. Nú leita þeir hefnda. Hörkuspennandi þættir sem hafa slegið í gegn út um allan heim.
- 22.00 Shark (19:22)
- 22.50 Las Vegas (5:17) Spennandi bandarísk þáttaröð sem gerist í partiborginni Las Vegas.
- 23.35 Da Ali G Show
- 00.05 My Name Is Earl (12:23) (e)
- 00.30 Gene Simmons. Family Jewels (11:13) (e)
- 00.55 Entertainment Tonight (e)
- 01.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORDURLANDS

- 18.15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
- 16.45 og 17.45 Átak með Guðrúnu Gísla. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

- 07.15 Beverly Hills 90210 (e)
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Vörutorg
- 09.45 Melrose Place (e)
- 10.30 Óstöðvandi tónlist
- 14.45 Vörutorg
- 15.45 Innlit / útlit (e)
- 16.45 Beverly Hills 90210
- 17.30 Melrose Place
- 18.15 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar.
- 19.00 Everybody Loves Raymond (e)
- 19.30 Will & Grace (e)
- 20.00 According to Jim (8:22)
- 20.30 Fyrstu skrefin - Lokapáttur Frábær þáttaröð um börn, upplífi þeirra og síðast en ekki síst hlutverk foreldra og annarra aðstandenda. Það er komið að lokapáttinum að sinni og við kynnumst börnum með downs-heilkenni og hittum fjölskyldur og börn sem lífa lífinu bjartsýn og lífsglöð með einungis einni litningi í mínus.
- 21.00 America's Next Top Model (2:13) Stelpurnar fara í fyrstu myndatökuna en sumar standa sig ekki í stykkinu. Gamaníð heldur áfram þegar stelpurnar flytja í lúxusvillu saman og það koma strax upp erfiðleikar í sambúðinni.
- 22.00 Jericho (16:22)
- 22.50 Everybody Loves Raymond Bandarískur gamanþáttur.
- 23.15 Jay Leno
- 00.05 Close to Home (e)
- 00.55 Kidnapped (e)
- 01.45 Beverly Hills 90210 (e)
- 02.30 Melrose Place (e)
- 03.15 Vörutorg
- 04.15 Óstöðvandi tónlist

SKJÁR SPORT

- 08.00 Ítölsku mörkin (e)
- 14.00 Middlesbrough - Fulham (frá 13. maí)
- 16.00 Chelsea - Everton (frá 13. maí)
- 18.00 Portsmouth - Arsenal (frá 13. maí)
- 20.00 Man. Utd. - West Ham (frá 13. maí)
- 22.30 Sheff. Utd. - Wigan (frá 13. maí)
- 00.30 Dagskrárlök

Nýjung Sunlight Húsbílar Nýjung



Verð frá 4.990.000.

Sunlight T58 kr 5.790.000. Sunlight T63 kr 5.990.000
Langbestu verðin á landinu, takmarkað magn.
Seljum sýnishorn með afslætti

Með loftkælingu, Rafdrifnar rúður og speglar, CD spilar, Stöðuleikatjakkar, Toppgrind og stigi, skriðstillir,

Þýsk gæða vara

Hobbyhúsið

Dugguvogi 12
104 Reykjavík
S: 517 7040

opnunartími
mán-föst 10.00-18.00
laugard 13.00-17.00
sunnud 13.00-16.00

www.hobbyhusid.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.40

Medium

Í kvöld fá spennu-áhugamenn eitt-hvað fyrir snúð sinn þegar miðillinn Alison Dubois birtist á skjánum. Alison er húsmóðir með dul-ræna hæfileika sem hún nýtir til þess að hjálpa samfélaginu. Í kvöld er Alison í bráðri lífshættu þegar morðingi sem hún kom í fangelsi sleppur út og ákveður að koma fram hefndum.



► Við mælum með **Fyrstu skrefin - lokabáttur Skjár einn kl. 20.30**

Það er komið að lokabættinum að sinni í þessari frábæru þáttaröð um börn, uppeldi þeirra og síðast en ekki síst hlutverk foreldra og annarra aðstandenda. Í kvöld kynnumst við börnum með Downs-heilkenni og hittum fjölskyldur og börn sem lifa lífinu bjartsýn og lífsglöð með einum aukalítningi.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.50 Bæn
- 07.05 Morgunvaktin
- 09.05 Laufskálinn
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Pipar og salt
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.03 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnir
- 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 13.00 Vítt og breitt
- 14.03 Útvarpsagan: Lífsjátning
- 14.30 Miðdegistónar
- 15.03 Sögur af sjó og landi
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.24 Auglýsingar
- 18.25 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 19.00 Vítinn
- 19.30 Laufskálinn
- 20.10 Heima er best
- 21.00 Út um græna grundu
- 21.55 Orð kvöldsins
- 22.15 Dostojevskí
- 23.05 Fallegast á fóninn
- 00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

- 07.00 Coca Cola deildin (Derby - Southampton)
- 14.00 Gillette World Sport 2007
- 14.30 Coca Cola deildin (Derby - Southampton) Útsending frá leik í Coca Cola deildinni.
- 16.10 UEFA Cup Final 2005/2006 (Evrópukeppni félagsliða) Útsending frá úrslitaleiknum í UEFA bikarnum 2006 þar sem Sevilla tók Middlesbrough í bakaríð.
- 18.00 UEFA Cup 2007 (Espanyol - Sevilla) Bein útsending frá úrslitaleiknum í UEFA bikarnum í knattspyrnu karla.
- 20.50 Coca Cola deildin (W.B.A. - Wolves) Útsending frá leik í Coca Cola deildinni.
- 22.30 Þýski handboltinn (Þýski handboltinn 2006-2007 - Highlights) Þáttur um þýska handboltann þar sem fjölmargir Íslendingar eru í sviðsljósinu. Handboltinn nýtur gífurlegra vinsælda hjá Þjóðverjum og hallirnar eru fullar eða þétt setnar á flestum leikjum.
- 23.00 UEFA Cup 2007 (Espanyol - Sevilla)

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

- 20.00 Nýjar eignir Nýjustu eignir á markaðnum sýndar.
- 21.00 Einbýlishús Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
- 22.00 Fjölbýli og hæðir Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
- 23.00 Nýjar eignir e.
- 0.00 SMS eignir Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

DR 1

- 6.00 Postmand Per 6.15 Noddy 6.30 Genbrugsguld
- 7.00 Grønne haver 7.30 Smagsdommerne 8.10 Den amerikanske by i Norge 8.25 OBS 8.30 Studenterne fra Pumwani 9.00 Den 11. time 9.30 Grauballemanden 10.00 TV Avisen 10.10 Kontant 10.35 Ud i naturen 11.00 Hvad er det værd 11.25 Aftenshowet 12.20 Hokus Krokus 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 TV Avisen med vejret 13.10 Dawson's Creek 14.00 Hjerteflimmer 14.30 Pucca 14.35 Hannah Montana 15.00 Verdnemes bog 15.30 Der var engang... 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 16.55 Aftenshowet med Vejret 17.30 I lære som stjerne 18.00 Søren Ryge direkte 18.30 TV Avisen 18.40 UEFA Cup-finale 19.30 TV Avisen 19.40 UEFA Cup-finale 21.00 Onsdags Lotto 21.05 Kriminalkommissær Foyle 22.45 OBS 22.50 Iværksætterne 4.30 Dyrene fra Lilleskoven 5.00 Rasmus Klump høster kokosnødder 5.10 Palle Gris på eventyr 5.30 Gnotterne 6.00 Postmand Per

NKI

- 6.30 Jukeboks 7.40 Hvorfor, Ouafa? 8.10 Muntlig spórretime 9.05 Oddasat - Nyheter på samisk 9.20 Distriktsheter 9.40 Fra Nordland 10.00 Siste nytt 10.05 Distriktsheter 10.20 Fra Møre og Romsdal 10.40 Fra Hordaland og Sogn og Fjordane 11.00 Siste nytt 11.05 Distriktsheter 11.20 Fra Aust- og Vest-Agder 11.40 Fra Buskerud, Telemark og Vestfold 12.00 Siste nytt 12.05 Distriktsheter 12.20 Fra Oslo og Akershus 12.40 Fra Østfold 13.00 Giro d'Italia 14.00 Siste nytt 14.05 Giro d'Italia 15.30 Siste nytt 15.40 Oddasat - Nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Nysgjerrige Nils 16.10 Lille far 16.25 Den forfengelige sneglen 16.40 Distriktsheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Forbrukerinspektørene 17.55 Der fartøy flyte kan 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktsheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Sykkelkveld fra Italia 19.40 Vikinglotto 19.45 House 20.30 Migrapolis: Fritid på norsk 21.00 Kveldsnytt 21.20 Lydverket 21.55 Lov og orden: New York 22.35 En mann er verdt mer enn to kvinner 5.00 Stå opp! 5.01 Den lille røde traktoren 5.10 Edderkoppfamilien på Solflerken

SVT 1

- 7.30 Ramp höjdare 8.00 Poniente 8.25 Sport mit Simone 8.30 The day I got the sack 8.55 Quirks 10.00 Rapport 10.05 En ljusglimt i mörkret 12.15 Störst är kärleken 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Plus 15.30 Krokodill 16.00 Fifi och blomsterfröna 16.10 Yoko! Jakamoko! Toto! 16.15 En unge till 16.25 Bumsfilibaba igen 16.30 Hjämkontoret 16.45 Zoé Kézako 17.00 Polleke 17.30 Rapport 18.00 Vädrets makter 18.30 Mitt i naturen 19.00 Robins 19.30 Extras 20.00 Crime Spree 21.40 Rapport 21.50 Kulturmytterna 22.00 I sinnets våld 23.00 Sändningar från SVT24

oasis

KRINGLAN | SMÁRALIND | DEBENHAMS
www.oasis-stores.com

TAX FREE
DAGAR!

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT
AF ÖLLUM VÖRUM
Í DAG OG Á MORGUN

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

GAMLA MYNDIN



„Þetta er æðislega flott lúkk, „eighties“ út í gegn. Hárið er blásið og svona. Þarna er strákurinn alveg kornungur að byrja í bransanum. Jakkaftin voru keypt í London svo þetta er ekkert slor.“

Eyjólfur Kristjánsson tónlistarmaður. Myndin er tekin árið 1987, þegar Eyjólfur flutti lagið Norðurljós í undankeppni Eurovision.

Lalla-auglýsingar enn í deiglunni

„Til að fyrirbyggja allan misskilning er rétt að fram komi að SÍA – samband íslenskra auglýsingastofa – kemur aldrei að starfsemi auglýsingastofa. Og blessar ekki auglýsingar,“ segir Ingólfur Hjörleifsson, framkvæmdastjóri SÍA.

INGÓLFUR HJÖRLEIFSSON

Segir það ekki svo að SÍA hafi blessað auglýsingarnar með Lalla Johns.



Auglýsing Öryggismiðstöðvarinnar með Lalla Johns í aðalhlutverki er umdeild – að margra mati á mörkum hins siðlega – en höfðað er til þess að menn séu ekki öruggir þegar menn eins og Lalli eru annars vegar. Í frétt Fréttablaðsins um hana í gær kom fram í máli Eiríks Aðalsteinssonar, framkvæmdastjóra auglýsingastofunnar Himins og hafs, að SÍA auk aðstandenda Lalla hefði lagt blessun sína yfir auglýsingarnar. Eiríkur segist hafa rætt málið við Ingólf og óheppilegt sé að orða þetta með þeim hætti. Eiríkur segir að verið sé að höfða til forvarnagildis og segir viðbrögð flestra jákvæð.

„Neinei, Ingólfur blessar ekki auglýsingar. En við sýndum honum

hvernig við vorum að vinna þetta til að athuga hvort auglýsingarnar væru ekki innan þeirrar stefnu sem SÍA markar. Þar eru ákveðnar siðareglur sem við viljum alls ekki brjóta,“ segir Eiríkur. En tekur fram að ekki sé svo að SÍA ritskodi auglýsingar, hvorki sinnar stofu né annarra, og því ekki um að ræða, í þeim skilningi að auglýsingarnar hafi

EIRÍKUR AÐALSTEINSSON

Stofa hans, Himinn og haf, er sú sem á heidurinn af Lalla-auglýsingunni fyrir Öryggismiðstöðina.



verið bornar undir Ingólf í þeim tilgangi að fá blessun hans.

Ingólfur segir enda samtökinn ekki hafa neitt slíkt umboð. En hjá þeim sé hins vegar að finna siðanefnd en þangað má kvarta undan auglýsingum sem mönnum þykir orka tvímælis. Sú siðanefnd er skipuð tveimur frá auglýsingastofum innan sambandsins, einum frá Neytendastofu, einum frá Viðskiptaráði Íslands og einum frá samtökum auglýsenda.

„Nei, okkur hefur ekki borist kvörtun vegna þessarar auglýsingar,“ segir Ingólfur.

- jbg

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2. hviða, 6. gat, 8. keyra, 9. fugl, 11. klafi, 12. vondur, 14. setja á land, 16. skóli, 17. sjón, 18. fugl, 20. í röð, 21. tangi.

LÓÐRÉTT 1. ungur hestur, 3. samtök, 4. liðdýr, 5. hald, 7. land í Evrópu, 10. fæða, 13. þangað til, 15. svari, 16. skammst., 19. tveir eins.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. föll, 3. aa, 4. skordýr, 5. sýn, 18. önd, 20. rs, 21. oddi.
LÁRÉTT: 2. kast, 6. op, 8. aka, 9. lóa, 11. ok, 12. illur, 14. landa, 16. ma, 17. pp, 19. m, 20. o, 21. uns.

HARALDUR EIRÍKSSON: VEIÐIÞÓFAR EINGÖNGU ÚTLENDINGAR

Pólskir sækja í Elliðaárlax

„Þarna er að koma upp vandamál sem tengist því að menningarmunur er á milli landa. Hér eru vötn og ár í einkaeigu meðan sumstaðar erlendis eru veiðiár og veiðivötn í eigu almennings og getur þá hver sem er gengið þar til veiða,“ segir Haraldur Eiríksson hjá Stangveiðifélagi Reykjavíkur.

Í sumar hefur borið nokkuð á veiðiþjófum í Elliðaánum en að sögn Haraldar fór veiðiþjófnadur þar fyrst að verða vandamál að einhverju marki í fyrra.


„Þeir sem hafa verið staðnir að verki núna eru eingöngu útlendingar. Flestir sem teknir voru síðasta sumar og svo nú eru af pólskum uppruna. Fjórir voru teknir í síðustu viku og stangir þeirra gerðar upptækar. Síðasta sumar var þetta viðloðandi um helgar og náðist þá bara í brot af þeim sem sást til. Lögreglan mátti elta menn upp í hverfin á hlaupum.“

Haraldur segir að svo virðist sem veiðiþjófarnir skiptist í tvö horn. Þeir sem halda til veiða fyrir misskilning, kaupa sér kannski veiðikortid og halda að þeim séu þá allar dyr opnar og svo þeir sem stunda veiðiþjófnad vísitandi.

Úthlutun veiðileyfa í Elliðaánum er á hendi Stangveiðifélagsins en eigandi veiðiréttinda í ánni er Orkuveita Reykjavíkur. Á snærum Orkuveitunnar eru svo tveir veiði-



GRIPNIR GLÓÐVOLGIR Þessir pólsku stangveiðimenn voru gripnir glóðvolgir með spúnastangir sínar á bókum Elliðaár.



JÓN Þ. EINARSSON Veiðivörðurinn stendur í ströngu en aukin ásókn veiðiþjófa í Elliðaár er staðreind.

verðir við Elliðaár: Jón Þ. Einarsson og Magnús Sigurðsson. Þeir standa í ströngu við að gæta svæðisins.

„Jújú, þessu geta fylgt hlaup og læti. Þetta er að aukast eftir því sem fleiri íbúar koma þarna inn,“ segir Jón veiðivörður og vísar til aukinnar byggðar á þessu svæði.

Magnús, sem hefur verið veiðivörður þar í tæp þrjátíu ár, segir alltaf hafa borið á veiðiþjófnadi í Elliðaám en það hafi þá verið krakkar og stöku menn sem hafa viljað prófa nýju flugustöngina sína. Málið er viðkvæmt.

„Þeir sem núna hafa verið gripnir leyfislausir við veiðar eru kannski að brjóta upp daginn hjá sér og vita ekki betur. Flagga

kannski veiðikortinu. En auðvitað leiðir að líkum, það búa 30 til 40 þúsund manns þarna á bakkannum, við hverju búast menn? En við reynum að halda uppi lögum og reglu.“

Hildur Dungal, forstjóri Útlendingastofnunar, telur afar hæpið að brot sem þetta hafi áhrif á dvalarleyfi Pólverja því þeir eru, eftir 1. maí 2006, fullgildir EES borgarar og njóta þeirra réttinda. EES borgurum hefur verið vísað af landi brott en það er þá oftast á grundvelli þungra dóma sem varða líkamsárásir, kynferðisbrota og fíkniefna. „Ég efast um að þetta falli þar undir en skoða verður hvert mál fyrir sig,“ segir Hildur.

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Theódór Júlíusson varð ekki fyrir valinu þegar verið var að ráða í hlutverk kvikmyndarinnar Dark Floors, hryllingsmyndarinnar sem finnska skrímslasveitin Lordi leikur í. Eins og kunnugt er er Kvikmyndafélag Íslands einn af framleiðendum myndarinnar og höfðu menn þar á bæ gert sér vonir um að koma að íslenskum leikara. Fyrir hafði Brynhildi Guðjónsdóttur verið skipt út fyrir breska leikkonu en þeir Júlíus Kemp og Ingvar Þórðarson eru borubratir og hafa ekki lagt árar í bát við þessa útrás íslenskra leiklistar.



Stórsöngvarinn Josh Groban söng í gærkvöldi fyrir troðfullri Laugar-dalshöll og endurtekur leikinn í kvöld. Og svo hyggst hann taka næturlífið með trompi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru Ísleifur B. Þórhallsson og félagar hjá Concert búnir að leggja Rex undir sig fyrir söngvarann og fjöru-tíu manna fylgdarlið enda hefur Groban eflaust fengið veður af skrautlegu næturlífi miðborgarinnar. Sem betur fer fyrir söngvarann er víst fri á mörgum vinnustöðum vegna uppstigningardags og ef að líkum lætur mun íslenska þotuliðið ekki láta þetta teiti sér úr hendi sleppa. Og þykir nánast öruggt að líkt og á tónleikumum verði kvenfólk í miklum meirihluta.



Ólánið eltir Unni á ári svínsins

Sjaldan er ein báran stök segir máltækið og því hefur Unnur Guðjónsdóttir, formaður Kínaklúbbsins, fengið að kynna. Nýverið greindi Fréttablaðið frá því að forlata Kínadúskum hefði verið rænt utan af húsinu hennar og höfðu þjófarnir þá haft töluvert fyrir því að taka þá niður. Ólánið virðist ætla að elta Unni á ári svínsins sem runnið er upp



BYSSA EÐA SMÁSTEINAR Eins og sjá má hefur annaðhvort litlum steinum eða byssu verið beitt til að eyðileggja gluggana.

í Kína því óprúttinn skemmdarvargar léku sumarbústaðinn hennar grátt á meðan hún var í Kína. „Eg var nýkominn heim og ætlaði að fara upp í bústað til að athuga hvort ekki væri allt í lagi,“ segir Unnur en bústaðurinn stendur við Elliðavatn. Þegar Unnur kom á staðinn blasti við henni heldur ófögur sjón; búið var að brjóta flestalla glugga og rífa upp hluta af grindverkinu. „Það hafði ekki verið reynt að brjóta inn og stela neinu heldur virðist bara um einskæra skemmdarfýsn að ræða.“

Skemmdirnar eru töluverðar og má telja næsta víst að tjónið nemi tugum þúsunda. Rúður voru brotnar og bendir allt til þess að annað hvort hafi litlum steinum eða jafnvel byssu verið beitt til þessa. Unnur fór síðan daginn eftir með lögreglunni, sem tók af henni skýrslu.

„Þeir sögðu við mig að ég gæti lítið annað gert en að fari með skýrsluna til tryggingafélagsins míns og fá tjónið bætt,“ útskýrir Unnur en í stað þess að fá nýja glugga héldu hrakfarir Unnar áfram. „Í ljós kom að ég hafði ekki lesið smáa lettrið hjá þeim nægjanlega vel,“ segir Unnur en hún er tryggð hjá Tryggingamiðstöðinni. „Þar kemur nefnilega fram að ég er tryggð fyrir innbrotum en ekki fyrir skemmdarverkum.“

Unnur hyggst þó ekki leggja árar í bát heldur reiknaði með að fara sjálf með nýja glugga og setja þá sjálf í. Þá hefur hún jafnframt fest kaup á nýjum kínadúskum sem koma í staðinn fyrir þá stolnu og vonandi fá þeir að prýða húsið hennar á Njálsgötu í allt sumar.

- fgg



SUMARHÚSIÐ VIÐ ELLIÐAVATN Unnur hefur þurft að fást við óprúttna þjófa og skemmdarvarga á ansi skömmum tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

STILLUM HITANN HÓFLEGA
Góð ráð og gagnlegar upplýsingar um heita vatnið
www.stillumhitann.is

Í KVÖLD
Eðal matur á efri hæð

Á MORGUN
Kvintett Andrésar Þórs

DOMO
RESTAURANT / BAR
ÞINGHOLTSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI 552 5588
DOMO@DOMO.IS
WWW.DOMO.IS

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

NÝJUSTU MYNDIRNAR



100% ÖRYGGI
EF HÚN ER EKKI INNI ÞÁ FERÐU HANA FRÍA




VIDEOHÖLLIN
Á þínu bandi

BÓNUSVÍDEÓ

Leigan í þínu hverfi

*EF MYNDIN BABEL ER EKKI INNI ÞÁ FERÐU HANA FRÍA TIL ÚTLEIGU Í EINN SÓLARHRING NÆST ÞEGAR ÞÚ KEMUR GEGN FRAMVÍSUN "100% KORTS. GILDIR Í EINN MÁNUÐ FRÁ AUGLÝSINGU OG AÐEINS Á ÞEIM SÓLUSTAD ÞAR SEM MYNDIN VAR EKKI INNI.



BAKÞANKAR

GERÐAR KRISTNÝJAR

Risessa tryllir
borgarbúa

Ekki man ég eftir viðlíka stemningu í höfuðborginni og þegar grænklædda risessan leið um stræti og torg með föður sinn í eftirdragi. Mikið var gaman. Svona á Listahátíð í Reykjavík að vera. Hún á nefnilega ekki aðeins að fara fram í tónleikasölum eða leikhúsum heldur teygja sig um götur borgarinnar og sinna börnunum ekki síður en þeim fullorönu. Áhugi barnanna beindist að hverjum krók og kima risessunnar ef mark er takandi á svólíilli umfjöllun sem birtist í Blaðinu. Þar er sagt frá því að „forvitnir smástrákar“ hefðu gerst „svo dónalegir að kíkja undir pils hennar svona rétt að athuga hvort ekki væri allt í „réttum hlutföllum“.

ÁHUGINN á því sem skessur fela undir pilsnum sínum er síður en svo nýr af nálinni hér á landi. Í íslenskum þjóðsögum er sagt frá einmana skessum sem taka það til bragðs að ræna karlmönnum til að fjölga sér. Ein þeirra hét Loppa og stal hún manni að nafni Jón. „Hún hafði hann heim í helli sinn þar sem systir hennar var fyrir ... Hugðu þær að hafa Jón þennan til fylgilags við sig, svo þær gætu aukið kyn sitt. Þær tóku hann oft og mökuðu hann í eins konar smyrslum og teygðu hann á milli sín. Líka orguðu þær í eyru honum til að trylla hann,“ segir í þjóðsagnasafni Sigurðar Nordal.

PRÁTTFYRIR meðferðina komst Jón undan á flótta en lifði bara í þrjá daga sem frjáls maður. Þá gaf hjartað sig og er talið að hann hefði sprungið af mæði. Hann varð nefnilega svo sílspikaður hjá systrunum að um margt minnir á Hans í búi nornarinnar. Í ljósi alls þess sem borið hefur verið upp á skessur í gegnum tíðina veit ég ekki alveg hvort ég óska þess að mamma risessunnar, og þá barnsmóðir skapvonda risans, mæti til leiks á næstu Listahátíð. Þau feðginin hafa líka alveg gert sitt gagn.

AÐ MINNSTA KOSTI virðist heimsókn þeirra hafa þurrkað út síðustu leifarnar af minningum borgarbúa um Japanann sem eitt sinn kom hingað á vegum Listahátíðar og stóð á haus í Austurstræti á typpinu. Vissulega fór list hans líka fram úti á götu eins og atriðið með risessunni en það sem hann hafði helst fram að færa teygði sig þó ekki út um allan miðbæ.

SIMPLY CLEVER

Skoda Roomster
Kemur á óvart!

RÚM FYRIR MEIRA!

Við skorum á þig að koma og skoða nýjasta meðliminn í Skoda fjölskyldunni, Skoda Roomster. Roomster er snarpur og skemmtilegur bíll með ótrúlegt notagildi. Hönnunin, aðgengið og útsýnið gerir aksturinn að hreinni unun.

Roomster er flottur og hagkvæmur bíll fyrir
nútimafjölskylduna

Verð frá **1.790.000 kr.**

Gefðu
dýrmætasta
efni
í heimi

Hjálparstarf
kirkjunnar
www.hel.p.is